

**KONUR Í**

**ÞRÆLAKISTUM**

**STALÍNS**

**ELINOR LIPPER**  
**AINO KUUSINEN**

„Bók Lippers var og er  
mjög mikilvæg.“

— *Sidney Hook*

**KONUR**  
**Í ÞRÆLAKISTUM**  
**STALÍNS**

Elinor Lipper  
Aino Kuusinen

SAFN TIL SÖGU KOMMÚNISMANS

Ritstjóri: Hannes H. Gissurarson

Meðal útgáfurita

*Svartbók kommúnismans,*  
Stéphane Courtois og fleiri

*Konur í einræðisklóm,*  
Margarete Buber-Neumann

*Gudinn sem brást,*  
Arthur Koestler og fleiri

*Leyniræðan um Stalín,*  
Níkíta Khrústsjov

*Greinar um kommúnisma,*  
Bertrand Russell

*Trúin á kommúnisma,*  
Arthur Koestler

*Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum,*  
Ants Oras

*Eistland. Smáþjóð undir oki erlendis valds,*  
Andres Küng

*Þjóðbýltingin í Ungverjalandi,*  
Erik Rostbøll

*Ég kaus frelsið,*  
Víktor Kravtsjenko

*Þjónusta, þrælkun, flótti*  
Aatami Kuortti

*Bóndinn, El campesino*  
Valentin Gonzalez

*Nytsamur sakleysingi*  
Otto Larsen

*Úr álögum*  
Jan Valtin (Richard Krebs)

Elinor Lipper

Aino Kuusinen

**KONUR Í  
ÞRÆLAKISTUM  
STALÍNS**

með formála eftir  
Hannes H. Gissurarson



19. júní 2015



Bók þessi er gefin út 19. júní 2015 í tilefni 100 ára afmælis  
kosningarréttar kvenna á Íslandi.

Útgáfa þessarar bókar er liður í samstarfsverkefni RNH, Rannsóknarseturs um nýsköpun og hagvöxt, og AECR, Alliance of European Conservatives and Reformists, um „Evrópu fórnarlambanna“, Europe of the Victims. Hún er einnig liður í samstarfsverkefni RNH og IDDE, Institute for Direct Democracy in Europe.

Frásögn Lippers, sem er útdráttur fyrir júníhefti *Reader's Digest* 1951 úr bók hennar sama ár, *Eleven Years in Soviet Prison Camps*, birtist fyrst í nokkrum hlutum í *Tímanum* 1951. Kaflar úr bókinni birtust líka í *Vísí* 1953, og er einn þaðan tekinn hér með (Bænarskráin). Þýð. eru ók. Frásögn Kuusinenens birtist fyrst í *Lesbók Morgunblaðsins* 1975, og var þýð. Sveinn Ásgeirsson. Sigrún María Einarsdóttir og Karen Edda Benediktsdóttir, þá stjórn málafræðinemar, tóku frásagnir Lippers og Kuusinenens saman af Netinu og unnu þær sem verkefni í stjórn málafræði undir leiðsögn Hannesar H. Gissurarsonar.

Formáli © 2015 Hannes H. Gissurarson.

Ljósmynd af Elinor Lipper 1948: Schweizerisches Sozialarchiv.

Ljósmynd af Elinor Lipper 1951: IUPUI University Library.

Myndir af Kuusinen-hjónunum og af konum í vinnubúðum teknar af Netinu.

Hönnun kápu og umbrots: Sigurgeir Orrí Sigurgeirsson.

Prófarkalestur: Kristinn Ingi Jónsson.

Prentvinnsla: Litlaprent, Reykjavík.

ÖLL RÉTTINDI ÁSKILIN.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sam-  
bærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 978-9935-469-94-6

Almenna bókafélagið er hluti af BF-útgáfu ehf.

# Efnisyfirlit

Formáli · 7

Fyrri hluti: *Ellefu ár í fangabúðum* eftir Lipper · 11

Seinni hluti: *Hringir örlaganna* eftir Kuusinen · 35

Skýringar · 55

Nafnaskrá · 63



# Formáli

Því ER FAGNAÐ 19. júní 2015, að hundrað ár eru frá því, að íslenskar konur fengu full stjórnmálaréttindi. En hollt er þá að minnast þess, að konur í öðrum löndum hafa síður en svo allar notið fullra réttinda á þeirri öld, sem liðin er frá þeim tíma-  
mótum. Réttlausastar voru þó eflaust þær konur, sem geymdar voru árum saman í þrælakistum alræðisherranna Hitlers og Stalíns. Á þessari bók eru endurbirtar lýsingar tveggja þeirra á slíkri dvöl hjá öðrum þeirra, Josíf Stalín. Báðar voru þessar konur einlægir kommúnistar, þegar þær héldu til Ráðstjórnarríkjanna, önnur frá Sviss, hin frá Finnlandi, en voru handteknar í hreinsunum Stalíns 1937–1938, sendar í vinnubúðir og geymdar þar árum saman. Líklega sluppu þær báðar þaðan á lífi til að segja sögu sína, af því að þær kunnu hjúkrun. Elinor (upphaflega stafsett Eleonore) Lipper fæddist í Brüssel 5. júlí 1912. Foreldrar hennar voru efnaðir gyðingar af þýskum ættum, og ólst hún upp við allsnægtir, aðallega í Hollandi. Hún hafði áhuga á heimspeki, en ákvað að leggja fyrir sig læknisfræði. Hóf hún nám í Berlín 1931 og kynntist sárri örbiörgð, þegar hún vann á sjúkrahúsum í fátækrahverfum borgarinnar. Gerðist hún þá kommúnisti. Eftir að nasistar tóku völd í Þýskalandi 1933, færði hún sig til Ítalíu og reyndi að halda áfram námi. Tókst það ekki, vegna þess að hún fékk ekki tilskilin skjöl frá Þýskalandi. Hún settist um skeið að í Sviss, þar sem hún átti ættingja, og gekk í svissneska kommúnistaflokkinn. Sinnnti hún ýmsum leynilegum verkefnum fyrir flokkinn og varð ríkisborgari í landinu, eftir að hún giftist Svisslendingi, Konrad Vetterli, í desember 1935. Hjónaband hennar hafði verið yfirvarp eitt, svo að hún gæti haldið áfram að búa í Sviss, en 1937 fluttist hún ásamt ástmanni sínum, þýska kommúnistanum Wilhelm Dannemann, til Ráðstjórnarríkjanna. Fékk hún starf í útgáfufyrirtæki erlendra bóka í Moskvu og bjó ásamt mörgum öðrum útlendingum í hinu alræmda gistihúsi Lux. Hreinsanir Stalíns voru þá að ná hámarki, og voru útlendingar iðulega taldir njósnarar eða flugumenn. Hurfu erlendir gestir á Lux hver af öðrum á næturnar, þegar leyniþjónustan sótti þá.

Lipper, sem bar í Moskvu dulnefnið Ruth Zander, var handtekin eftir tveggja mánaða dvöl í Moskvu og dæmd í fimm ára vist í þrælkunarbúðum. Þegar sá tími rann út, höfðu Ráðstjórnarríkin hafið þátttöku í heimsstyrjöldinni síðari, og var fangelsisvist Lippers framlengd. Dvaldist hún alls ellefu ár í vinnubúðum Stalíns, Gúlaginu. Eftir að henni var sleppt að kröfu svissneskra yfirvalda árið 1948, skrifaði hún bók um reynslu sína og hélt víða fyrirlestra. Bók hennar hét á þýsku *Elf Jahre in Sowjetischen Gefängnissen und Lagern* og kom út í Zürich hjá Oprecht 1950.

Frásögn hennar er látlaus og einföld og þess vegna áhrifamikil. Er hún þar þó fáorð um eigin hagi og getur þess til dæmis ekki, að hún eignaðist dóttur í fangabúðum 1947. Eins og *Alþýðublaðið* sagði frá 21. september 1950, hélt Lipper erindi á ráðstefnu til varnar frjálsri menningu í Berlín það ár, en um hana höfðu forystu ýmsir menntamenn andvígir kommúnisma, meðal annarra rithöfundurinn Arthur Koestler og heimspekingurinn Sidney Hook. Lipper bar einnig vitni í réttarhöldum í París í nóvember 1950, þegar rithöfundurinn David Rousset höfðaði meidyrðamál gegn tímariti franskra kommúnista, *Les lettres françaises*. Staðfesti Lipper eins og margir aðrir, að þrælkunarbúðir væru reknar í Ráðstjórnarríkjunum, en franskir kommúnistar höfðu tekið þvert fyrir það. Vann Rousset málið.

Bók Lippers nefndist á ensku *Eleven Years in Soviet Prison Camps* og kom út í Bretlandi hjá World Affairs Book Club í Lundúnum 1950 og í Bandaríkjunum hjá Henry Regnery í Chicago 1951. Í júní það ár birtist útdráttur úr bókinni í bandaríska tímaritinu *Reader's Digest*, og sama mánuð var sá útdráttur prentaður í íslenskri þýðingu í *Lögbergi* og í ágúst sama ár í *Tímanum*. Sumarið 1953 birtust einnig kaflar úr bók Lippers í *Vísí*. Í Bandaríkjunum vakti sérstaka athygli kaflinn í bók Lippers (sem hér er birtur) um heimsókn Henrys Wallaces, þáverandi varaforseta Bandaríkjanna, í þrælkunarbúðirnar í Kolyma árið 1944. Þá var mikill leikur og grár settur á svið, sem Lipper fylgdist með innan úr búðunum. Trúði Wallace öllu, sem honum var sagt, og lýsti síðar í ferðabók hinum vingjarnlegu yfirmönnum búðanna og góðum aðbúnaði starfsfólksins. Kaflinn um heimsókn Wallaces til Kolyma var prentaður í *New York Post* 11. júní 1951. Wallace skrifaði svargrein 20. júní, viðurkenndi, að hann hefði verið blektur, en kvaðst ekki hafa vitað fyrr en löngu seinna, að þrælabúðir væru reknar í Ráðstjórnarríkjunum. Bætti hann við, að rússneskir kommúnistar virtust koma eins fram við stjórnmaláandstæðinga sína og keisarastjórnin forðum, en þó fara sýnu verr með þá. Heimspekingurinn Martin Gardner skrifaði þá grein í *New York Post* 24. júní, þar sem hann taldi upp sex þryðileg rit um þrælabúðirnar, sem birst höfðu á prenti fyrir heimsókn Wallaces. Hann hefði því átt að vita um þær. Einnig benti Gardner á, að í tíð keisarastjórnarinnar rússnesku höfðu fangar hennar ætíð verið innan við 50 þúsund, en aðeins brot af þeim hefðu verið stjórnmalafangar.

Eiginmaður Lippers hafði komist til Sviss og fengið skilnað frá konu sinni 1944, en hún giftist aftur 1951, svissneska læknum Robert Català. Árið 1952 var Lipper á ferð í Nýju Jórvík, New York. Þar fór hún að eigin frumkvæði á fund Wallaces á búgarði hans í South Salem og sagði honum sannleikann um búðirnar, sem hann hafði heimsótt. Hann fölnaði upp og sagði: „Ég vissi þetta ekki. Þú verður að trúa mér.“ Lipper flutti í þessari ferð fyrirlestra víða í Bandaríkjunum um reynslu sína. „Hún var snyrtileg, greind og geðfæld kona, og henni tókst með einlægni sinni, sannfæringarkrafti og hæfileikum að komast klakklaust í gegnum hverja raun,“ sagði hinn bandaríski útgefandi hennar, Henry Regnery. Bók Lippers um fangabúðavist hennar kom út í þýðingum á mörgum öðrum málum. Missagt er

í sumum heimildum, að hún hafi horfið árið 1955. Hún fór um skeið með manni sínum, sem var sérfræðingur í hitabeltissjúkdómum, til Madagascar og settist síðan að í Sviss, þar sem hún vann fyrir sér með þýðingum. Elinor Lipper lést í Tessin (Ticino) í miðsuðurhluta Sviss 9. október 2008, 96 ára að aldri, frá dóttur sinni og þremur barnabörnum.

Þótt Aino Kuusinen væri talsvert eldri en Elinor Lipper, sagði hún miklu síðar frá reynslu sinni af réttleysinu við kommúnisma. Aino Turtiainen fæddist 5. mars 1886 í Savonranta í miðhluta Finnlands og ólst þar upp. Hún lærði hjúkrun, giftist járnbrautaverkfræðingi að nafni Sarola og settist að nálægt Helsinki. Finnar lýstu yfir sjálfstæði 5. desember 1917, en í ársbyrjun 1918 skall á borgarastríð milli jafnaðarmanna og kommúnista annars vegar og hægri manna hins vegar, og höfðu hægri menn betur. Einn forystumaður kommúnista var Otto W. Kuusinen, og varð hann að fara huldu höfði eftir stríðið. Aino og maður hennar leyndu honum eina nótt í húsi sínu. Varð Otto ástfanginn af Aino, og skrifuðust þau á næstu ár. Aino skildi við mann sinn, fór til Moskvu 1922 og giftist Kuusinen. Hún hóf störf fyrir upplýsingadeild Alþjóðasambands kommúnista, Komintern, árið 1924. Sá hún um norrænu deildina, og höfðu nokkrir samstarfsmenn hennar afskipti af íslenskum kommúnistum, til dæmis Willi Mielenz, sem kom til Íslands 1932, Allan Wallenius, sem fylgdist grannt með á Íslandi, og Signe Sillén, sem starfaði fyrir leyniþjónustu Rauða hersins, GRÚ, og sá um að greiða út fjárstyrki til íslenskra kommúnista. Otto Kuusinen var þá framkvæmdastjóri Kominterns. Þau hjón fjarlægðust, er á leið þriðja áratug, og var Aino send í erindum Kominterns til Bandaríkjanna 1931 og dvaldist þar í tvö ár. Eftir það var hún skamma stund í Moskvu, gerðist njósnari fyrir GRÚ og var send til Japans undir dulnefni. Í Tókíó kynntist hún hinum alkunna njósnara Stalíns, Richard Sorge. Aino Kuusinen var í árslok 1937 skipað að snúa aftur til Moskvu, og á nýársdag 1938 var hún handtekin. Reyndi leynilögreglan, NKVD, árangurslaust að fá hana til að segja eitthvað misjafnt um mann sinn. Næsta árið var Aino í fangelsum í Moskvu, en send vorið 1939 án nokkurra réttarhalda í átta ára þrælkunarvinnu í Síberíu. Þar starfaði hún sem hjúkrunarkona, fyrst í nágrenni Vorkúta, en síðan í bænum sjálfum.

Otto Kuusinen hélt á hinn bóginn áfram að vera handgenginn Stalín, eins og ekkert hefði í skorist. Hann gerðist meira að segja forsætisráðherra finnskrar leppstjórnar í Terijoki, sem Stalín skipaði í nóvemberlok 1939, þegar hann réðst á Finnland. Langflestir landar hans, jafnvel gamlir kommúnistar, kusu þó að berjast með þjóð sinni í Vetrarstríðinu, sem svo var kallað, og vörðust Finnar ofureflinu frækilega, þótt þeir yrðu að ganga til samninga við ráðstjórnina vorið 1940. Eftir friðarsamninga Stalíns og finnsku stjórnarinnar í Helsinki heyrdist ekkert frekar af leppstjórninni í Terijoki. Kuusinen var hins vegar kjörinn í miðstjórn Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna. Hann var líka um skeið forseti sjálfstjórnarsvæðis í finnsku Karelíu. Í Vetrarstríðinu varð nafn hans fleygt á Íslandi, og var honum oft líkt við norska föðurlandssvikarann Vidkun Quisling. Í þann mund er fréttir bárust til

Íslands af friðarumleitunum Finna vorið 1940, var Hermann Jónasson forsætisráðherra staddur í Alþingishúsinu, og bar hlutskipti þeirra á góma í spjalli hans við aðra þingmenn. Sósíalistar höfðu stutt Stalín dyggilega, og hafði Hermann á orði, að tveir helstu leiðtogar þeirra, Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson, ættu báðir að taka sér ættarnafnið Kuusinen. Brynjólfur heyrði þetta, reiddist og kallaði Hermann öllum illum nöfnum. Hermann rak Brynjólfi þá löðrung með flötum lófa, og varð frægt. Kuusinen átti ekki afturkvæmt til Finnlands, en dóttir hans frá fyrra hjónabandi, Hertta, varð leiðtogi finnska Lýðræðisbandalagsins, sem starfaði eftir stríð og kommúnistar réðu mestu í. Hertta kenndi um skeið í leyniskólum Kominterns í Moskvu, en 23 Íslendingar alls sóttu þá skóla tímabilið 1929–1938. Í þessum skólum kenndi eiginmaður Herttu, Tuure Lehén, sem bar dulnefnið Alfred Langer, undirróður, þar á meðal skipulagningu götubardaga og verkfalla. Hertta var góð vinkona Einars Olgeirssonar.

Stjúpmóðir Herttu, Aino Kuusinen, var látin laus í árslok 1946. Hún vildi ekki snúa aftur til manns síns og hafðist við á ýmsum stöðum í Rússlandi og Kazakhs-tan næstu ár, en fékk ekkert að gera. Hún var handtekin aftur vorið 1949 og send í fangabúðir í Potjma í Rússlandi. Þar komst hún að því, að hún hefði verið dæmd í fimmtán ára þrælkunarvinnu. Hún var þó aftur látin laus tveimur árum eftir lát Stalíns, haustið 1955, og var henni veitt uppreist æru, enda höfðu engir glæpir sannast á hana. Fékk hún íbúð í Moskvu til afnota og lág eftirlaun. Hafði hún þá alls setið í fangabúðum í fimmtán ár. Aino hitti mann sinn ekki eftir það, en varð að leika sorgmædda ekkju í útför hans vorið 1964. Þegar hún fékk leyfi til að heimsækja Finnland árið 1965, notaði hún tækifærið og sneri ekki aftur til Rússlands, heldur samdi bók um reynslu sína í samstarfi við þýska sagnfræðinginn Wolfgang Leonhard. Aino Kuusinen andaðist 1. september 1970. Að ósk hennar komu minningar hennar ekki út fyrr en eftir andlátið, fyrst á þýsku 1972, *Der Gott stürzt seine Engel*, hjá Fritz Molden í Vín, síðan á ensku 1974, *The Rings of Destiny*, hjá William Morrow í New York og *Before and After Stalin* hjá Michael Joseph í Lundúnum, en einnig á öðrum tungum. Sveinn Ásgeirsson þýddi nokkra kafla úr bók Kuusinen og birti í *Lesbók Morgunblaðsins* 1975. Tvö önnur verk hafa komið út á íslensku um konur í þrælakistum Stalíns, *Konur í einræðisklóm* 1954 eftir Margarete Buber-Neumann, sem var fyrst fangi Stalíns, en síðan afhent Hitler, eftir að einræðisherrarnir gerðu með sér gríðasáttmála sumarið 1939, og *Appelsínur frá Abkasíu* 2012 eftir Jón Ólafsson, en sú bók er um Veru Hertzsch, sem var barnsmóðir Íslendinga, Benjamíns Eiríkssonar, send í fangabúðir 1938, en dó 1943. Í þessum tveimur verkum Lippers og Kuusinen er stafsetning og málnotkun fært til nútímahorfs og texti lagfærður, þar sem þurfa þótti. Stuttar skýringar á nokkrum atriðum eru aftanmáls.

Hannes H. Gissurarson.

**Fyrri hluti:**  
**Ellefu ár í fangabúðum**

ELINOR LIPPER



## Fangabúðavist Elinors Lippers

Nokkrar stundir: Lúbjanka-fangelsið, Moskvu, 1937  
Eitt ár og þrjú mánuði: Bútyrka-fangelsið, Moskvu  
Einn mánuð og fimm daga: Gripavagn frá Moskvu til Vladívostok  
Sex og hálfan mánuð: Umferðaskáli í Vladívostok  
Vika: Sigling á Dalstroj frá Vladívostok til Magadan  
Tvö ár og þrjú mánuði: Kvinnabúðir í Magadan  
Mánuð: Kvinnabúðir í Balagannoje  
Fjóra daga: Fangavist í Balagannoje  
Ellefu mánuði: Kvinnabúðir í Talon  
Tvo mánuði: Sjúkrastofu fanga  
Tvo mánuði: Kvinnabúðir í Magadan  
Tvö ár: Kvinnabúðir í Elgen  
Eitt og hálf ár: Sjúkrastofu fanga við gullnámur  
Þrjú mánuði: Sjúkrastofu fanga  
Tvo mánuði: Kvinnabúðir í Magadan  
Tvo mánuði: Ferð frá Magadan til Kazakhstan, með viðkomu í Búkhta  
Nakhodka, Vladívostok, Khabarovsk, Írkútsk, Novosibirsk, Tsjeljabínsk, Sol-  
Íljetsk og Aktjúbínsk  
Níu mánuði: Búðir fyrir þýska borgaralega fanga  
Þrjár vikur: Gripavagn frá Aktjúbínsk til Brest-Lítovsk  
Fjóra og hálfan mánuð: Umferðabúðir í Brest-Lítovsk  
Mánuð: Þrjár umferðabúðir í rússneska hernámssvæðinu í Þýskalandi, 1948

## Handtakan

Ég hrökk við. Var það draumur eða hafði einhver barið að dyrum? Jú, þarna byrjar það aftur, einu sinni, tvisvar, þrisvar, látlaus, stór og þung högg. Karlmannsrödd heyrðist úti fyrir: „Opnaðu dyrnar!“

Ég varð að klæðast einhverju og það fljótt. Ég gat ekki fundið ermarnar á sloppnum. Hvers vegna titraði ég svo? Ég hafði ekki framið neinn glæp.

Aftur heyrðist ógnandi rödd úti: „Opnið dyrnar!“

Þrír lögreglumenn ruddust inn. Borðarnir á búningum þeirra sýndu að þeir voru í NKVD, leynilögreglunni. Þeir réttu mér blað. Ég gat aðeins greint orðin: „Fyrirskipað að taka yður fasta.“ Það gekk fram af mér.

Í stað þess að taka lyftuna létu lögregluþjónarnir mig ganga niður sex hæðir. Ég fór mína síðustu bílferð í Moskvu í lögreglubíl sem flutti mig til óþekktra staða. Ég kenndi krampa innvortis og köldum svita sló út um mig alla. Skyldu þeir taka mig af lífi? Fyrst ég hafði verið tekin föst án saka, þá var eins líklegt að ég yrði skotin án saka. Ég klöngraðist út úr vagninum og var leidd inn í hinn stóra sal Bútyrka-fangelsisins.

Fyrsti dagur ellefu ára fangelsisvistar var upprunninn. Allir kvenfangar, sem til Bútyrka koma, eru leiddir til stofu, þar sem þeim er skipað að afklæðast. Kvenvörður rennir fingrum í gegnum hárið, lítur inn í eyrun og nasaholurnar, skoðar undir handakrikana og milli þjóhnappanna og síðast getnaðarfærin. Allir hnappar, krækjur, teygjubönd, og þess háttar er tekið af fötunum, það er leitað í vösum og saumum. Þá er fanganum leyft að klæðast á ný.

Ég gekk síðan um endalause ganga og stiga. Andrúmsloftið var þrungið af óhugnanlegri þögn. Járnhurð mikil var opnuð og henni síðan lokað á hæla mér.

## Fangaklefinn

Hinn sameiginlegi fangaklefi kvenna virtist mér líkastur stórrí gröf. Í miðri lofthvelfingunni hékk ljósapera ein sem brann dag og nótt. Grár steinveggurinn á allar hliðar var flekkóttur af myglu en moraði í veggjalús. Nálægt sjöttíu konur sátu á óhefluðum palli, sem náði yfir allan salinn, nema allra næst dyrunum, en þar var autt svæði. Pallurinn var upphækkaður frá steingólfinu hér um bil tvo og hálfan sentímetra. Þarna voru hvorki dýnur né ábreiður. Ógeðslegan daun lagði fyrir vitin um leið og inn var gengið.

Ég vissi ekki hvað ég átti af mér að gera því að hvergi var hægt að þverfóta á

pallinum fyrir hálfnöktum konum. Einn fanginn, þjónustumær klefans, ruddi sér braut í gegnum þröngina og mældi mér legurúm, hér um bil sextán þumlunga á breidd.

Allt frá því að fanginn er sviptur frelsi er honum haldið í samfelldri óvissu. Einu gildir hvað við hann er gert eða hvert hann er leiddur, því fylgir engin skýring. Þessi sífellda óvissa og fullkomna varnarleysi gagnvart þöglum, grimmúðlegum ógnaröflum skapar nákvæmlega það sem til er ætlast, ótta.

Þannig sat ég í hálfan áttunda mánuð í ólíkum sambýlisklefum án þess að vera nokkru sinni kvödd til yfirheyrslu og jafnvel án þess að persónulegar upplýsingar um mig væru skrásettar. Þannig gafst mér nægur tími til að hugleiða þann veg sem ég hafði gengið inn á þennan stað.

## Leiðin til ánauðar

Árið 1931, er ég hóf læknisfræðinám í Berlín, var mikill hiti í stjórnmalaskoðunum á meðal stúdenta. Í fyrsta sinn frá því ég fór úr áttögum mínum í Hollandi, heyrði ég nú talað um land, þar sem vel gefið ungt fólk gæti sótt skóla án þess að þurfa að greiða kennslugjald, Ráðstjórnarríkin. Og í fyrsta sinn á ævinni stóð ég nú andspænis mannlegri eymd í bæjarspítalanum. Í tilfinningafumi æskunnar féll ég í faðm sósíalismsans. Nasisminn með sínar ofboðslegu kenningar var á næstu grösom. Það virtist óhugsandi fyrir hugsandi manneskju að standa hlutlaus hjá. Ég gekk í stúdentafélag rauðliða.

Draumur minn um dásemdir sósíalismsans seiddi mig til Ráðstjórnarríkjanna 1937. Þar starfaði ég í tvo mánuði við útgáfufyrirtæki, sem lagði sérstaka áherslu á erlendar bókmenntir. Og þá var ég tekin föst. Ekkert sem ég hafði aðhafst eða ráðgert, gaf hið minnsta tilefni til að svipta mig frelsi. Hið eina sem að mér gekk var hinn takmarkalaus barnaskapur að halda að ég mundi sjá vonir mínar rætast í Ráðstjórnarríkjunum.

Í fangaklefanum þurfti ég að þola hið sama og þúsundir annarra kvenna. Bútyrka-fangelsið geymdi að meðaltali um 30.000 fanga, en þó er það aðeins eitt af fimm slíkum fangelsum í Moskvu, sem notuð eru fyrir grunað fólk, sem engin sök hefur sannast á. Ég lærði fljótt nóg í rússnesku til þess að skilja frásögur félaga minna. Hver saga gerði mér æ ljósara, að þetta fólk var allt saklaust eins og ég var. En að álit eftirlitsmannanna voru fangarnir ávallt sekir. Um leið og fangelsun fór fram, var engrar undankomu auðið.

Handan við örmjótt sund skammt frá klefa okkar voru skrifstofur rannsóknar-lögreglunnar. Þegar dimma tók á kvöldin heyrðum við þungar stunur og sár kvein og þess á milli blót og formælingar þeirra sem að yfirheyrslunni stóðu. Síðan kom djúp þögn. En allt í einu heyrðust högginn dynja og síðan skerandi bænarpóp: „Bræður, miskunn, vægð ...“ Síðan varð aftur þögn, en allt í einu heyrðist sama

röddin í neyðarópi, en þá að lokum ómur af háværum röddum margra manna og blótsyrðum.

## Klefafélaginn

Ein móðirin af mörgum í klefa okkar hét Smírnova, kona embættismanns í hárrí stjórnarstöðu. Grunur hafði fallið á hann og hann verið tekinn fastur og henni skömmu síðar vísað á dyr úr íbúð sinni í Moskvu. Enginn vildi þiggja þjónustu konu sem átti föðurlandssvikara fyrir mann, en samt tókst henni eftir langa mæðu að fá vinnu í pósthúsinu. Í hvíldartímum frá vinnu sinni varð hún að hraða sér heim til að gefa tveggja mánaða gömlu barni sínu brjóstið. Næstyngsta barnið var sex ára stúlka sem gætti systur sinnar í fjarveru móðurinnar. Elsta barnið var fjórtán ára drengur sem gekk í barnaskóla. Litla stúlkan spurði oft eftir föður sínum og móðirin spann upp ótal sögur um löng ferðalög og væntanlega heimkomu. Drengurinn spurði einskis. Hann hafði verið viðstaddur þegar faðir hans var tekinn og hann gat aldrei gleymt undrunarsvipnum á andliti hans er honum var sýnt heimildarskjalið fyrir handtökunni. Drengurinn hafði staðið við gluggann og horft á eftir bílnum sem flutti föður hans í burtu.

Á þessu augnabliki var bernsku hans lokið. Hin fagra veröld barnsins hafði í einu vefangi hrunið í rústir. Enginn skólabræðra hans yrti framár á hann því að nú átti hann föðurlandssvikara að föður. Eftirlætiskennarinn hans, sem hafði verið svo vingjarnlegur árum saman, varð allt í einu kurteisinn sjálf og kaldur sem ís. Enginn vildi sitja nálægt honum í bekknum. Frímínúturnar urðu honum kvalræði: Þó að börnin létu hann afskiptalausán hvíldu augu þeirra jafnan á honum. Þessi fjórtán ára drengur var fyrirlitinn og útskúfaður. Eina manneskjan, sem enn unni honum, var móðir hans. Síðan var það eitt kvöldið að lögreglan kom og hafði hana á brott með sér. Drengurinn gekk fram fyrir móður sína skjálfaði og óttasleginn og reyndi að vernda hana. Það kom auðvitað að litlu haldi. Litla stúlkan vaknaði í rúminu og togaði organdi í kjól móður sinnar. Móðirin greip barnið í fang sér. En ekkert stóðaði. Lögregluþjónarnir ýttu eldri börnunum til hliðar, lögðu grátandi ungbarnið í vögguna og drógu móðurina nauðuga með sér út í bílinn sem beið þeirra.

Járnhliðið laukst upp fyrir henni og lokaðist. Hún var nú geymd innan þriggja feta þykkra veggja Bútyrka-fangelsisins. Það var leitað á henni. Er því var lokið sneri hún sér að eftirlitskonunni og mælti: „Ég má til að fara heim og gefa barninu mínu að sjúga. Ef ég kemst ekki til hennar deyr hún úr hungri. Ég verð að fara . . .“ Andlit þeirrar sem til var talað sýndi engin svipbrigði og ekki svaraði hún heldur neinu.

Smírnova sat klukkustundum saman og hugsaði í örvilnan um börnin sín, ungbarnið sitt. Brjóstin urðu sár. Þau þöndust út af mjólkinni og hún vissi að

aumingja litla barnið heima var að gráta af því að fá ekki mjólkina sem nú þjáði hana.

„Segið okkur allt um uppreisnarstarf mannsins yðar,“ sagði rannsóknardómarinn í skipunartón.

„Maðurinn minn var ekki uppreisnarmaður.“

„Heyr á endemi! Þér hafið verið giftar honum í fimmtán ár og síðan þykist þér ekkert vita um sviksamlegt athæfi hans sem hann hefur þó sjálfur játað á sig. Gott og vel. Klefinn kennir ef til vill yður hughvarf.“

„Klefinn? Ég verð að fara heim. Ég hef skilið þar eftir þrjú ung börn umsjárlaus. Brjóstbarnið mitt deyr úr hungri, ef mér leyfist ekki að lofa því að sjúga.“

„Skrifið undir þessa yfirlýsingu um að þér hafið verið í vitorði um sviksamlega starfsemi manns yðar, og þá skulið þér fá að sjá barnið yðar.“

„Ég get ekki skrifað undir þetta. Hann er saklaus.“

Dómarinn studdi á hnapp. „Burt með hana.“

Henni var gefinn bolli og skeið eins og öllum nýliðum. Hún tók við þessu og settist við grindurnar á opnum glugga. Hún sneri baki að hinum föngunum, til að geta verið út af fyrir sig. Síðan mjólkaði hún sjálfa sig í bollann og linaði þannig þrautirnar í brjóstunum. Önnur kona tók við bollanum og hellti úr honum í skólþötu við dyrnar.

Daginn eftir yfirheyrði dómarinn hana á ný. „Skrifið undir skjalið, þar sem þér játið að þér hafið talað við manninn yðar um sviksemi hans og þá skal ég segja yður hvar barnið yðar er niðurkomið.“

„Þér viljið gera mig að morðingja mannsins míns sem ekkert hefur til saka unnið. Ég get ekki skrifað undir þetta lygaskjal. En sýnið hjálparvana barni mínu miskunn!“

Nokkrum mánuðum síðar var hún dæmd til átta mánaða fangavistar án þess að nokkur ásökun væri borin á hana sjálfa önnur en að hún væri „í skylduliði föðurlandssvikara“. Hún fékk aldrei að vita hver urðu örlög barna hennar.

## Réttarhöldin

Þann fjórtán mánaða tíma, sem ég dvaldist í fangelsi áður en til réttarhalds kæmi, var ég yfirheyrð þrisvar. Fyrst var aðeins spurt um ævisöguatriði. Í annað skiptið var eins konar sóknarskjal samið. Ýmis atvik sem hefðu verið talin með öllu ósáknæm annars staðar í heiminum, urðu alvarleg lagabrot í augum hinna rússnesku réttarþjóna. Mér var talið það til áfellis að ég væri komin af efnuðu fólki, að ég hefði sem barn átt heima í Hollandi og Sviss og hefði stundað nám í Þýskalandi og Ítalíu.

Við þriðju yfirheyrsluna lásu þeir mér vitnisburð fanga sem kvaðst hafa talað við mig um uppreisnarstarfsemi mína á gistihúsi nokkru. Síðar frétti ég hjá öðrum föngum, sem höfðu verið í klefa með konu þessari, að hún hefði verið látin standa

í átján sólarhringa og horfa á vegg fyrir framan sig. Að þeim tíma liðnum var hún reiðubúin að skrifa undir hvað sem var.

Á fjórtánda fangelsismánudinum var mér birt opinber ákæra: Að hafa stutt erlent ríki gegn Ráðstjórnarríkjunum. Mér var sagt að þessi glæpur varðaði dauðarefsingu. Nokkrum vikum seinna opnaðist rifan á hurðinni og miðum með nöfnum nokkurra fanga var smeygt inn. Nafn mitt var á meðal þeirra. „Búið ykkur til burtfarar með öllu dóti ykkar,“ urraði vörðurinn og lokaði rifunni.

Það var farið með okkur í nýjan klefa, eins konar biðsal. Hann var tómur að öðru en því að meðfram veggjunum voru steinbekkir. Um hundrað konur stóðu eða sátu þarna.

Við biðum, eina klukkustund, tvær, þrjár. Þá skipaði vörðurinn okkur að mynda röð við dyrnar. Eftir langa bið opnuðust dyrnar lítið eitt og fyrstu konunni var hleypt inn. Hún kom aftur eftir fáar mínútur og sú næsta fór inn. Þetta gekk koll af kalli með miklum hraða. Konurnar fóru inn og komu aftur á fárra mínútna fresti, hver með sinn dóm: „Tíu ár, ... átta ár ...“

Við biðum til að sjá hvort nokkur fengi sýknun. En það var engin undantekning, þær voru allar dæmdar.

Loks kom hermaður og leiddi mig niður ganginn inn í herbergi þar sem lögreglu-dómari sat við langt borð. Mér var sagt að setjast og snúa mér að honum. (Stóllinn var þarna vegna þess að föngunum varð það á að falla í ómegin, er þær fengu að heyra dóm sinn kveðinn upp.) Hann spurði mig nafns, vætti vísifingur hægri handar og fletti stafla af smáblöðum. Loks fann hann það rétta. Nefndi nafn mitt, ræksti sig og rumdi síðan: „Fanginn Elinor Lipper hefur af sérstakri dómnefnd í Moskvu verið fundin sek um landráð og er dæmd til fimm ára fangelsisvistar. Hegningunni skal fullnægt við erfiðisvinnu á betrunarhúsinu. Skrifðu undir hér.“

Um leið og ég skrifaði nafn mitt á miðann, kallaði dómariinn: „Næsta.“ Þannig vorum við dæmdar.

## Flutningarnir

Við gengum út um fangelsishliðið, hópur þögulla og óhamingjusamra kvenna. Við vorum enn í sömu fötunum og þegar við vorum teknar fastar. Um kvöldið vorum við reknar inn í járnbrautarvagn sem ætlaður var fyrir gripi, hundrað í hóp. Tuttugu og átta vagnar aðrir í sömu lest voru álíka skipaðir karlmönnum.

Einhvern tíma um nóttina tók lestin að hreyfast. Við ferðuðumst dögum saman og engin okkar vissi hvert ferðinni var heitið. Til matar var okkur gefið frosið brauð og teskeið af sykri. Vatnið var dýrmætt þótt það væri venjulega óhreint og borðið í kámugum skjólum. Stundum vorum við svo þyrstar að við sleiktum íshrönglið sem hlóðst á járngrindurnar fyrir vagnluggunum. Lestin hélt áfram aðeins fáar klukkustundir á sólarhring. En þótt hún stæði á hliðarteinum hálfra og heila daga og

við hrópuðum: „Vatn, gefið okkur vatn,“ sinni því enginn. Eftir tíu daga ferðalag vorum við næstum allar veikar af niðurgangi, vegna matarins og óhreina vatnsins.

Þriðja hvern dag fengum við kol eða kolamylnu fyrir lítinn járnofn. Við fylltum ofninn berhentar því að engin skófla var við hendina og þyrptumst síðan í kringum hann og mösuðum. Eldurinn entist í nærri klukkustund. Þá skriðum við aftur upp á bekkina hver út af fyrir sig, þögular, óhamingjusamar, yfirgefnar mannverur, með fáar ábreiður og of lítil föt til að standast ískulda Síberíu-vetrarins sem geystist í gegnum vagninn.

Lítill, gömul kona, áður nunna, sat kyrr fyrir framan ofninn. Hún hafði verið í mörgum fangelsum og vinnustöðum víðs vegar í landinu. En hvorki þrældómsokið eða fangelsin höfðu getað fengið hana til að afneita trú sinni. Í þreytulegum upp-gjafartón muldraði hún: „Bráðum verð ég búin að taka nærri eins mikið út og Jesú Kristur. Lausnarstundin hlýtur að vera nærri.“

## Vladívostrók

Á 35. degi frá því að af stað var farið, stöðvaðist lestin og verðirnir hrópuðu: „Út með ykkur allar og dótt ykkar.“ Við stóðum á teinunum, hálfblindar í fyrstu af því að við vorum orðnar óvanar fullu dagsljósi. Allt í kringum okkur voru verðir með hunda. Einhver hrópaði: „Setjist á hækjur ykkar allar saman. Ef nokkur stendur upprétt, tókum við það sem flóttatilraun og skjótum samstundis.“

Allir sem út úr lestinni höfðu komið settust á hækjur sínar, fimm í hverri röð og beygðu höfuð sín, en erfiðleikum var bundið að halda jafnvægi sínu þannig sakir kulda. Hundarnir, sem voru æfðir í því að gæta fanga, togðu í ólar sínar. Hermennirnir töldu raðirnar aftur og aftur, reiðubúin til stórræða ef þurfa þótti með reista byssustingi sína. Nóvembervindurinn nísti merg og bein og andlit fanganna urðu blá af kulda.

Loksins vorum við rekin af stað yfir járnbrautateinana, niður þjóðveginn áleiðis til eins herskálans við Vladívostrók. Í skálagarðinum þar vorum við heilan dag í hinu naprasta haustveðri, matarlaus. Aftur og aftur vorum við talin og skrásétt. Loks voru karlmennirnir reknir í burtu til baðstaðarins í smáhópum.

Það var löngu dimmt þegar röðin kom að konunum að fara í baðið. En baðhúsið var óhitaður skúr með klefa til að afklæðast, þvottaherbergi og sóttthreinsunarkompa. Við vorum látnar afklæðast hverri spjör og hengja fötin á járnhring sem var síðan afhentur þeim sem vann að sóttthreinsuninni. Sóttvarnarþjónninn var miðaldra karlmaður.

Þarna biðum við bláar af kulda uns tveir aðrir menn komu inn, rakari og læknir. Læknirinn leitaði lúsa í hári okkar. Væru þær finnanlegar, var sú, sem þær bar, snodrökuð í hasti. Allar konurnar gengu í röð fram fyrir rakarann og voru skafnar á kviði og undir höndum. Þegar einhverjar okkar mótmæltu þessu, hreytti baðstjórinn úr sér blótsyrðum um hæversku okkar og hótaði að kalla á yfirmann

varðliðsins. Okkur fannst að óþarft væri að láta fleiri þrælmanni glápa á nakta líkama okkar og létum raka okkur orðalaust.

Við skulfum af kulda þegar við böðuðum okkur í hálfvolgu vatni og klæddumst síðan. Því næst vorum við reknar eftir gangi, girtum gaddavír en lýstan kastljósum áleiðis til kvennadeildarinnar. Vörðurinn opnaði hliðið, lauk upp dyrum skálans og hvarf.

Það hefur víst verið um miðnæturbil að við gengum inn um þessar dyr. Lengra varð ekki komist. Allt gólfið var þakið sofandi konum. Pallur í tveimur hæðum gekk meðfram veggjum allt í kring og mátti sjá hvernig hann svignaði undan þunga kvennanna, sem á hann var raðað, allt frá ystu brík til veggja. Skálastýran gekk fram með röðunum en sagðist síðan ekki geta úthlutað okkur svefnrými því að það væri allt upptekið. Nokkrar vingjarnlegar konur þrengdu sér saman á gólfinu, til að gefa hinum nýkomnu legurúm.

Með því að ég var síðust allra var alls ekki um neitt rými að ræða fyrir mig. Öðru hvoru reis ein og ein kona upp og gekk hljóðlega yfir hinar út á salernið í garðinum. Þar sem ég nú stóð í dyrunum var ég fyrir í hvert sinn svo að ég ákvað að fara einnig út í garðinn. Í fyrsta sinn á sextán mánuðum fékk ég að njóta þeirrar ánægjulegu tilfinningar að geta opnað og lokað dyrum.

Veðrið var nú bjart og fagurt. Tær, stjörnuhlár himinn hvelfdist yfir varðturnana, verðina og fangabúðirnar. Tunglsljósið var samt óþarft á þessum stað, og bjarmi þess hvarf að mestu fyrir magni kastljósanna allt í kring.

Ég gekk fram og aftur í garðinum, frá einu vírnetinu til annars. Í hvert sinn, sem ég gekk fram hjá skálaveggnum litaðist ég um eftir nagla í hæfilegri hæð. En er ég leit upp sá ég glampann af byssusting í varðturninum. Ég mundi þá ekki einu sinni fá næði til að hengja mig. Loksins knúði kuldinn mig inn í skálann. Ég fann rými á gólfinu og sofnaði.

## Umferðaskálinn

Fangar, sem ætluð var vist í Kolyma í Norðaustur-Síberíu, voru sendir til Vladífovostok úr ýmsum héruðum landsins og geymdir í flutningaskálum uns hægt var að senda þá til Kolyma með vöruskipum. En tímabilið milli desember og maí er sú sjóleið ófær vegna ísa og verða fangarnir því að bíða ef svo stendur á hálf ári í þessum skálum. Ég dvaldist í Vladífovostok í hálfan sjöunda mánuð.

Tvær deildir voru í umferðaskála þessum í Vladífovostok. Önnur þeirra var fyrir almenna glæpamenn, en hin fyrir stjórnmálafanga. Glæpamennirnir fengu betri mat, bjuggu í upphituðum skálum og höfðu hver og einn járnrum með strádyngu og ábreiðu. Stjórnmálafangarnir sváfu í óhituðum og óupplýstum skálum og höfðu hvorki dýnur né ábreiður. Vatnsskammturinn, sem hverjum fanga var úthlutað var



svo naumur að við höfðum aldrei nóg að drekka og ekki var að tala um að geta þvegið sér. Brátt urðum við allar morandi í lús.

Þar eð lýsnar geta borið vissa tegund taugaveiki braust hún út innan skamms. Fangarnir hrundu unnvörpum niður. Sjúkradeildin var svo full að um aðhlyningu var ekki að ræða. Þögular stóðum við og horfðum í gegnum vírnetin á líkvagnana sem var ekið frá skálunum á kvöldin. Staflar af nöktum líkum voru bundnir ofan á vagnpallinn með kaðli og segl breitt yfir. Vörubílar fluttu þessi fórnarlömb hins rússneska réttarfars til friðar og frelsis.

Fáir borgarar Ráðstjórnarríkjanna eru uppnæmir fyrir veggjalús. Návist þeirra er talin eðlileg enda eru fáir staðir í landinu þar sem ekki er fullt af þeim. En pöddurnar í Vladívostok-skálunum komu í veg fyrir allan svefn. Þær skriðu út úr veggjum og viðum og féllu ofan á vesalings fólkið sem barðist um og snerist á alla vegu til að reyna að granda þeim. En engu gildi hversu margir voru eyðilagðar, nýir skarar komu alltaf í staðinn og bardaginn hélst til morguns þegar hin örþreyttu fórnardýr fengu loksins nokkra hvíld.

Um vorið er hlýna tók afréðum við að sofa á vellinum utan við skálann. Þá kom eitt fyrir sem við stórðum á orðlausar af skelfingu. Stórir skarar af skorkvikindum þrömmuðu í fylkingu út úr mannlausri byggingunni. Löng svört halarófa þokaðist yfir þröskuldinn til árásar á hið veika og varnarlausu fólk.

## Sjóleiðin til Kolyma

Allir sem dvöldu í umferðaskálanum í Vladívostok urðu að setta sig við að láta senda sig til Kolyma fyrir eða síðar, en enginn vissi neitt um þann stað. „Heimsendir,“ sögðu sumir, „útilokað frá öllum heimi.“

Síðan var það einn dag að landafræðibók barst inn í skálann og gekk mann frá manni. Við hlupum yfir þá kafla bókarinnar sem fjölluðu um fiskveiðar og loðdýr en af hvoru tveggja var mikið í Kolyma-héraði. Einnig gáfum við því lítinn gaum sem sagt var um gull- og silfurnámur á þessum slóðum. En það sem sagt var um veðrið, þótt það væri aðeins þrjár setningar, greip hugi okkar föstum tókum. „Jafnvel á sumrin þiðnar yfirborð jarðarinnar ekki meira en rösklega tuttugu sentimetra. Á þessu svæði hefur fundist lægsta hitastig á hnettinum. Á vetrum fer hitamælirinn í 34 stig neðan frostmarks og stundum enn lengra.“

Snemma í maí fóru menn að tala hljóðlega um að skip biði okkar. Það var vöruskipið *Dalstroj*. Einn góðan veðurdag hurfum við ofan í lestarúm þess. Þar voru um 7000 fangar á meðal þeirra 500 konur í sérstöku afþiljuðu rými.

Aldrei kom það fyrir á allri sjóleiðinni, sem tók heila viku, að nokkur varðmannanna eða meðlimir skipshafnarinnar kæmi ofan til fanganna. Þeir vissu sem var þótt vonaðir væru, að þeir voru í miklum minni hluta í samanburði við tölu fanganna, en allmargir þeirra voru morðingjar og innbrotshjófár. Þegar föngunum var hleypt upp á þilfarið í smáhópum til að ganga erinda sinna stóðu verðirnir með

byssur á lofti reiðubúnir að skjóta. En það sem fram fór undir þiljum létu þeir sig engu skipta. Afleiðingin var sú að á hverri sjóferð fóru glæpamennirnir sínu fram og kúguðu hina fangana. Ef þeir vildu eignast föt einhverra af stjórn málaföngunum þá hirtu þeir þau umsvifalaust. Ef einhver sýndi mótstöðu þá var hann barinn. Brauðið er tekið frá þeim sem veikburða eru eða gamlir. Í hverri ferð deyja margir fanganna af þessari meðferð.

Í hverri ferð reyna einhverjir stjórn málafanganna að stytta sér aldur með því að stökkva fyrir borð. Venjulegast drukkna þeir án frekari aðgerða. Stundum reyna menn að stökkva útbyrðis á meðan skipið er að sigla í gegnum Tatar-sundið, fáeinar mílur frá Sakhalín-eyjunni. Hér er mögulegt fyrir góðan sundmann að synda til lands. Í slíkum tilvikum er skipið stöðvað, og ef ekki er hægt að slæða fangann upp aftur þá er hann skotinn.

Árið 1944 komu nokkur hundruð ungar stúlkur til Kolyma. Þær voru svonefndar *úkazníki*, sendar til þrælkunar vegna fjarveru í leyfisleysi frá vopnaverksmiðjum eða fyrir aðrar slíkar smásakir. Glæpamennirnir sem voru í meirihluta á meðal fanganna í lestarsúminu gerðu sér glaðan dag. Þeir brutu skilvegginn á kvennabúðinni og nauðguðu öllum þeim stúlkum sem þeim leist vel á. Nokkrir fangar á meðal karlmannanna, sem reyndu að verja stúlkurnar, voru stungnir á hol og drepnir.

Um borð í *Dalstroj* lágu fangarnir í kös á tjörguðu gólfi lestarsúmsins vegna þess að glæpakvendin höfðu komið sér fyrir á pallgólfinu. Á nóttunni mútuðu glæpamennirnir verðinum, sem stóð í stiganum niður í lestarsúmið, til að senda þeim konur. Múturnar voru brauð, sem þeir höfðu stolið frá félögum sínum, hinum föngunum.

## Kolyma

Íshafið myndar takmörk Kolyma-héraðsins í Síberíu að norðan en Okhotsk-hafið að austan, en það er álma úr Kyrrahafinu, en að sunnan eru takmörkin þéttur frumskógur. Vorið stendur yfir hálfan mánuð, síðan koma þrír mánuðir með ofsahita og skýflókum af stingandi mýflugum. Þá er hálfur mánuður af haustveðri og síðan átta mánuðir af hinum bitrasta vetrarkulda.

Til námugraftar í þessu gullauðuga landi sem enginn fer til af frjálsum vilja, notar lögreglan hina einu óþrjótandi vinnulind Ráðstjórnarríkjanna, fanga.

Hverjum fanga er úthlutað brauð, meira eða minna, allt eftir því hvort hann getur fullnægt þeim vinnukröfum sem til hans eru gerðar, gerir miður eða betur en til er ætlast. Undir þeim kringumstæðum lenda menn í vítahring. Sá sem getur ekki mætt vinnukröfunum fær ekki fullan brauðskammt. Hungurs vegna verður hann þá ávallt miður fær til að mæta kröfunum og fær sífellt minna og minna af brauðskammtinum. Loks verður hann svo máttfarinn að hann hreyfir sig aðeins undir svipuhöggum og skjógrar frá skálanum og út í gullnámuna.

Þegar hann loks kemur út í námuna er hann of máttfarinn til að geta lyft hjól-

börunum, svo að ekki sé talað um að halda á bornum. Hann er þá einnig of máttfarinn til að geta verið sig þegar einhver glæpamaðurinn í hópnum slær hann utanundir og tekur brauðbitann hans.

Hann notar þó oft hinstu krafta sína til að skríða inn í einhvern afkima, þar sem hvorki blótsyrði varðmannanna eða hróp verkstjóranna: „Davaj! Davaj!“ Áfram! Áfram! ná til hans frammar. En ógnarkuldi vetrarins finnur hann og gefur honum af miskunn sinni það eina sem hann þráir, frið, svefn, dauðann.

## Elgen

Ég var send til Elgen, fangabúða kvenna. Þetta var ekki til hegningar fyrir neitt sem ég hafði aðhafst heldur vegna þess að ég var útlendingur. Við stálhliðið blasti við græn málaður friðarbogi, eins konar sigurbogi sem á var letrað stórum, rauðum stöfum: „Lengi lifi hinn mikli Stalín.“ Við vorum þá strax eins og heima hjá okkur! Einu gilti þótt við værum rifnar og skítugar, lúsugar, hungraðar og hálfrosnar, hinn mikli Stalín var með okkur hvert sem við fórum.

Það voru engin tré, hríslur eða annar gróður innan þessa girðingarsvæðis. Ekki var svo að skilja að við söknudum þess. Þeir sem lifa eins nærri skauti náttúrunnar og við gerðum, tólf klukkustundir á dag við viðarhögg úti í skógi hafa litla þörf fyrir fegurð náttúrunnar eða jafnvel ferskt loft. Við létum okkur það því engu skipta þótt gluggunum í skálanum væri þannig fyrir komið að það væri ómögulegt að opna þá. Þrjá heitu mánuðina hefði opinn gluggi greitt fyrir mýflugunum. Það komst nóg af þeim inn um dyrnar samt. Á veturna vorum við sífellt að leita að tuskum og pappírsmiðum til að troða í rifurnar á brotnum rúðum, því að hitamælirinn sökk þá ofan í 26 stiga frost.

Purrkan, sem skálaþernan afhenti föngum, var annaðhvort löngu útslitin eða þeir rifu hana í lengjur fyrir fótaverjur. Það er ómögulegt að ímynda sér hvaða gildi fótaverjur hafa uns menn hafa unnið í tólf klukkustundir á dag í regni og snjó með skó á fótum sem naumast geta heitið því nafni lengur.

En hvað við blessuðum Bandaríkjamenn sem höfðu selt hveiti sitt í svo ágætum hvítum pokum! Ég get naumast ímyndað mér að bandarísku hveitikóngarnir hafi haft nokkra hugmynd um hvílik munaðarvara pokarnir þeirra voru, allt frá brjóstahöldurum til íssaumaðra nærfata. (Við héldum áfram að nota brjóstahaldara af einhverjum heimskulegum vana og til skjóls enda þótt við værum svo magrar að við þyrftum þeirra ekki lengur).

Ég vil einnig geta þess, að drykkjarlát okkar og súpuskálar voru gerðar úr bandarískum blikkdósum en auðvitað höfðu hinir „frjálsu borgarar“ neytt hins upphaflega innihalds þeirra. Á meðan við hámuðum í okkur kálsúpu með söltuðum fiskhausum, lásum við utan á dósunum: „Brytjað svínakjöt, etist með ...“

Svonefnd strádyña í þröngum viðarkassa var hvílustaður fanganna í Elgen. En það var ekkert strá í dýninni heldur hefilsþæmir og föt, ef fanginn átti þá nokkur

aukaföt. Auk þessa var ullarábreiða og koddaver sem menn gátu troðið í hverju lauslegu sem tiltækt var, því að koddar voru engir.

Á sumrin hófst dagurinn í Elgen klukkan fimm, en á veturna klukkan hálfsex. Járnspota var slegið mörgum sinnum í hangandi járnslá. Þess háttar járnslá er til í öllum fangabúðum í Kolyma og alls staðar gefur hún frá sér sama ömurlega hljóðið, svo andstyggilegt og hrellandi, að enginn getur gleymt því síðan.

Jafnskjótt og merkið er gefið standa einkennisbúnar varðkonur við rúmin og hrifsa ábreiðurnar ofan af manni og hrópa: „Á fætur með ykkur, hraðar, fljótt nú!“

Þegar allt er tilbúið myndum við langa röð fyrir framan borð til að fá brauðskammtinn. Brauðinu er úthlutað af gráhærðum gömlum vesalíng með arnaraugu og eiturtungu. Fyrir framan hana er stór bók þar sem nöfn allra fanganna eru skráð í flokknum. Kona nefnir nafn sitt og hún fer að blaða í bókinni á meðan sjöttu konur bíða. Hún lyftir gleraugunum og glápir á hana eins og til að vera viss að hún sé sú sem hún segist vera. Hún lagfærir gleraugun aftur og réttir þér brauðmolann tilskorinn og veginn fyrirfram, heil tvö hundruð grömm.

Auðvitað er það miðhluti brauðhleifsins, ekki eru allir svo heppnir að fá hleifsenda. Þá ætlar hún aðeins vinum sínum. Það er ekki hægt að útskýra fyrir þeim sem aldrei hafa verið í fangelsi, hvað brauðhleifsendi þýðir. Hann er svalari, lítur betur út og virðist þyngrri. Einnig virðist það svo að brauðhleifsendi sé á einhvern undursamlegan hátt saðsamari en miðjan.

Þegar úthlutun brauðsins er lokið, myndast röðin aftur við næsta borð. Þar er tekið á móti skömmunarmiðum fyrir morgunverðinn og bollarnir okkar fylltir með hálfvolgum, sætum vökva, sem sagt er að geymi fjórtán grömm af sykri, sem við eigum að fá daglega. Þá er síldarbita fleygt á borðið.

„Hamingjan góða! Er þessi síld ekkert nema höfuðið? Hvað hefur orðið af sporðstykkinu?“ Auðvitað er það ekkert leyndarmál. Matreiðslufólkið á einnig sína vini. Sporðstykki síldarinnar er allt ætt.

## Reglugerðin

Samkvæmt reglugerð fangabúðanna neytum við matarins í kaldri borðstofunni þar sem við sitjum í einni þröng á bekkjum. Þegar við höfum fengið þessa næringu, flýtum við okkur til baka inn í skálann, ljúkum við að klæða okkur og gera upp rúmin. Þá heyrast á hlóm járnslárinnar að nú sé kominn vinnutími.

Einu sinni enn myndum við röð fyrir framan skálann og eftir hæfilega bið leiðir vörðurinn okkur út í garðinn fyrir framan hliðið. Þarna eru 600 konur að bíða eftir að fara út. Hermannavörðurinn er enn ókominn, svo að við bíðum.

Stundum kom sjálfur yfirmaður fangabúðanna til að líta eftir okkur þegar við fórum í vinnuna eða forstöðukona vinnudeildanna. Þegar það kom fyrir voru ævinlega einhverjar á meðal okkar sendar í fangaklefa fyrir að hafa talað í leyfisleysi eða verið seinar. Þessir holdugu yfirmenn sem voru notalega klæddir í loðfeldi

og fódruð stígvél, virtust ekki taka það nærri sér að úthluta slíkum refsíðómum nokkrum sinnum á hverjum mánuði. Þeir horfa ekki einu sinni á þessa köldu, hrjáðu vesalinga sem standa hálfbognir og þögulir frammi fyrir þeim. Þeir þekkja ekki fangana og vilja ekki þekkja þá. Þeir vita aðeins að það eru nokkrir fangar sem verða að vinna þangað til þeir gefast upp. Og þótt þeir gefist upp, gildir það einu, því að aðrir koma þeirra í stað, nafnlausir aumingjar sem hafa aðeins númer í stað persónuleika.

Verðirnir eru ávarpaðir sem „borgarar“. (Fangarnir mega ekki nefna frjálsa menn „félaga“). Þeir koma dúðaðir í síðum loðfeldum með byssustingi um öxl. Fangarnir bíða. Þeir hafa engin loðskinn eða fódraða skó, aðeins þolinmæði örvæntingarinnar. Flest frostsár á meðal fanganna orsakast af þessum löngu biðum, áður en vinnan hefst, eða eftir að henni er lokið.

Loksins opnast stóra hliðið. Hermennirnir standa til beggja hliða og fyrsti vinnuflokkurinn fer út. Venjulegast líður meira en klukkustund þar til síðasti fanginn fer út og hliðinu er lokað. Enda þótt við höfum farið á fætur klukkan fimm er talið að vinnudagurinn hefjist klukkan sjö. Á hádegi er klukkutíma hvíld og síðan aftur unnið til klukkan átta um kvöldið.

Á ökrunum í kringum Elgen-fangelsið eru kálhöfuð aðaluppskeran. Á vetrum grafa fangarnir móinn sem er notaður með mykju til að undirbúa jarðveginn. Á vorin leggja þeir hönd á sáninguna, sem ekki má taka lengur en hálfan mánuð. Síðan líta þeir eftir kálinu allt sumarið, oft gegndrepa af regni og særðir af mýflugu. Eftir það vinna þeir að uppskerunni á haustin, oft hálfdofnir af kulda. Fyrir allt þetta erfiði fá þeir aðeins dökku og súru ytri blöðin, en sjálfur kjarninn er fluttur á borð hinna frjálsu borgara.

## Sagnaþulurinn

Sagnaþulurinn er eina manneskjan í skálanum sem allir elska og virða. Allir vilja fangarnir fegins hugar gleyma veruleikanum, en þulurinn hjálpar þeim til þess. Þegar hann talar, birtir til í búðunum og dvölin í skóginum verður ekki eins einmanaleg og kröfuhörð. Það er merkilegt að þessir fangar, sem verða að þola allar hörmungar og smán sem mönnum hugkvæmist að leggja á samferðamenn sína skuli geta tárast út af ímynduðum ástarharmi!

Langbesti þulurinn sem ég kynntist í minni löngu fangavist var fyrrverandi skólakennari frá Moskvu, María Níkolajevna að nafni. Hún var svo mögur að það var erfitt að skilja, hvernig hún gat haldið uppi þeim klunnalega fatnaði sem hún bar, hvað þá líkamanum sjálfum. En í þessum veikbyggða líkama og litla höfðinu snoðklippta bjó hlýr og ódrepanði andi. Hún blátt áfram neitaði að viðurkenna veruleika þess anda sem ríkti í fangabúðunum og lögmálið sem þar gildi um hungur og miskunnarlausu grimmd.

Ég mun seint gleyma degi einum er við María vorum að vetrarlagi úti í skógi

að safna víðhríslum. Það var að vísu ekki erfitt verk, en þó svo ömurlegt sem hugsast gat. Vissulega er nógur víðir til í Kolyma, en þó eru ekki margar greinar tiltölulega nógu langar til körfugerðar. Þannig gengum við frá einum runna til annars og leituðum að þessum hríslum uns við höfðum fundið tíu hver, en það var talin hæfileg byrði. Þegar þannig er gengið hægt í gegnum skóginn og slitnar upp hríslur í fimm stiga frosti liggur við að blóðið frjósi í æðum. Hendurnar verða svo dofnar að naumast er hægt að hreyfa þær og kuldinn sker eins og eggjárn í hálfnakta fæturna. Við gengum áfram með stuttu millibili og leituðum að hríslum og skiptumst á orðum við og við. En eftir því sem mér varð kaldara varð ég æ fámáll og loks þagnaði ég með öllu. Ég kærði mig ekki um neitt í víðri veröld annað en eld, eld. Stundum stökk ég upp og niður í snjónum eða hljóp spölkorn til hliðar til þess að María heyrði ekki að ég grét eins og barn af kuldinum. En þessi grátköst stóðu ekki lengi. Ég varð að finna minn hluta af hríslunum, þessum dýrmætu hríslum. Ég varð að hafa fundið tíu bindi áður en ég fengi að fara heim.

Allt í einu heyrði ég Maríu segja: „Manstu eftir kvæðinu hans Túrgenevs? Ó, hve rósín er fersk og fögur.“ Ég neitaði því. Mér er það ráðgáta hvaðan hún fékk krafta til að fara með kvæðið en það gerði hún. En ég gleymdi öllu í svipinn, líka því að snjórinn féll ofan úr trjánum niður í hálsmálið á treyjunni minni. Því að allt í einu varð snjórinn þakinn blómum og orð skáldsins slógu um okkur eins konar töfrahring sem hörmungar heimsins fengu ekki brotið. Þegar hún hafði lokið lestri sínum, tók ég hana í faðm mér. Á meðan við gátum haldið við næmleika fyrir fegurð og skáldskap í fimm stiga frosti var okkur óhætt. Aldrei munu mér úr minni líða blómin hans Túrgenevs á snjóbreiðunum í Kolyma.

## Sjúkraliðinn

Ég man vel eftir gömlum bónda frá Úkraínu sem var að taka út tíu ára hegningarvist fyrir stjórnmalaskoðanir sínar. Hann var um skeið sjúkraliði, þá nýstaðinn upp úr þungri legu. Eitt sinn hafði hann átt bújörð sína sjálfur. Nú var hann ávallt mjög dapur í bragði. Allt frá því að hann tók að vinna í gullnámunum sá hann aldrei glaðan dag. Ég sá þennan gamla mann aðeins utan við sig af hrifningu einu sinni.

Á milli spítalabygginganna var hafraakur sem þurfti að sá í. Ævagamall jarðplógur var notaður til að róta við jarðveginum. Reyndar var þetta lélegur járnfleygur en plógur samt. Dag nokkurn stóðu margir úr vinnuliði spítalans ráðalausir í kringum lítinn hest, sem hafði verið spenntur fyrir plóginn. Allt í einu kom gamli sjúkraliðinn hlaupandi í hvíta sloppnum sínum. Hann stjakaði ráðleysingjunum til hliðar, talaði nokkur hvatningarorð til hestsins og greip um plógskaftið.

En tilburðirnir! Hvernig hann hélt um handföngin með augskýlegri og óumræðilegri gleði! Beygður og hrjáður líkami hans varð teinréttur. Þarna gekk hann á eftir plógnum þráðbeinn og hélt höfði hátt, stikaði stórum skrefum. Í augum hans leiftraði slíkur fögnuður að allir viðstaddir urðu djúpt hrærðir. Menn horfðu

Þögulir en hrifnir á eftir þessum fjötraða bónda, þessu barni náttúrunnar, þar sem hann þrammaði á eftir hestinum utan við sig af fögnuði yfir því að hafa enn einu sinni fengið plóg í hendur. Þegar hann varð að hætta plægingunni, sneri hann aftur þögull og dapurlegur heim til búðanna, lífvana og vonlaus maður sem hafði verið hrífsaður frá brjóstum ástmeyjar sinnar, moldinni.

## Bænarskráin

Það var um morgun og í þann mund, er haldið var frá fangabúðunum til gullnáanna. Nokkrar þúsundir karla stóðu í fimmfaldri röð og biðu. Fangabúðastjórinn stóð þarna líka ásamt aðstoðarmönnum sínum og gættu þeir þess, að hver maður, sem gat á fótunum staðið, væri sendur áleiðis út um hliðið. Einhver steig þá fram úr hinum grúa skara og gekk til höfuðsmannsins.

„Borgari, höfuðsmaður, leyfist mér að færa yður bænarskrá?“

Fangabúðastjórinn kinkaði kalli. Maðurinn tók þá pappírblað undan tötralegum jakka sínum og stakk því í loðhanska höfuðsmannsins. Sinnulaus, hungurð og vonlaus augu virtu fyrir sér svip höfuðsmannsins meðan hann var að lesa. Hann renndi augum í snatri eftir blaðinu og grenjaði síðan samstundis til foringja varðanna: „Takið hann og burt með hann! Látið þenna náunga dúsa tíu daga í fangaklefanum.“

Það fól í sér, að í tíu daga sæti fanginn í köldum og dimmum klefa, lægi þar á berum tréborðum og hefði ekkert brekán til að skýla sér með, þegar hausthríðarnar þyrldu snjónum inn um rifurnar á veggjununum. Í tíu daga þyrfti hann að berjast við kuldann, loppinn og með naglakul í fingrum og tám, velta sér til og frá og ganga um gólf, þangað til hann var orðinn örmagna og hneig niður í eitthvert hornið eins og tuskuruga, sem nötraði af kulda við og við. En þessi augu höfðu ekkert vonað og gátu því ekki óttast lengur.

Fimm dögum síðar var hann kallaður fyrir fangabúðastjóran. Hann stóð við skrifborð mannsins, sem var herra og drottinn yfir þrjú þúsund föngum.

„Segðu mér, ólukkans hórusonurinn, hver er eiginlega ætlun þín með því að skrifa svona bænarskrá? Þú vilt fá kjör sambærileg við hestana! Við hvað áttu með því?“

„Það er mjög auðvelt að útskýra það, borgari höfuðsmaður. Ef ég væri hestur fengi ég að hvíla mig einn dag af hverjum tíu. Ef ég væri hestur fengi ég að staldra við stund og stund við vinnu. En ég er fangi og fæ það ekki. Ef ég væri hestur væri séð um að vinnan hæfði afli mínu. En ég er fangi og er alltaf svangur. Þegar ég get ekki afkastað því, sem til er ætlast, fæ ég minna brauð, svo að ég get enn minna unnið og að lokum fæ ég svo lítið af brauði, að ég get varla staðið. Hesturinn hefir sitt hesthús og hann hefur ábreiðu, en ég hef ekki fengið jakka í tvö ár, af því að afköst mín eru of lítil. Ef ökumenn lumbra á hestunum eða reka þá áfram of hart, er þeim refsað. En hver refsar vörðum eða gæslumönnum, sem lemja mig og sparka



í mig Hvað er fangi í Kolyma? Ekkert — og réttláus. En hesturinn, hann er þó eitthvað — og á rétt á sér!“

## Gestir frá Bandaríkjunum

Þótt gestir kæmu stundum á stríðsárunum til Kolyma, gekk aldrei eins mikið á og þegar Henry Wallace, varaforseti Bandaríkjanna, bar að garði. Sífelldur orðrómur gekk á milli manna og yljaði hinum hálfrosnu föngum um að Rússland ætlaði að láta Kolyma af hendi við Bandaríkin sem þóknun fyrir hjálp þeirra í stríðinu. Jafnvel hinir greindustu á meðal fanganna töldu þetta ekki ólíklegt, en þá var eftir að vita hvort fangarnir yrðu látnir fylgja með, og urðu um það langar umræður. Auðvitað voru þetta aðeins draumórar fanganna og von sem þó vildi ekki víkja úr hugum okkar. En hugmyndin fékk byr undir báða vængi þegar fréttist að varaforseti Bandaríkjanna væri væntanlegur í heimsókn.

NKVD, leynilögreglan, leysti verk sitt af hendi með mikilli þrýði. Hún gekk svo frá öllu að Wallace varaforseti sá ekkert af þessum frosna kvalastað með öllum sínum hundruðum þúsunda fordæmdra. Í heiðursskyni við varaforsetann voru varðturnarnir rifnir niður á einni nóttu. Hver einasti af mörgum þúsundum fanga í hafnarborginni Magadan stendur í stórri þakkarskuld við Wallace varaforseta. Það var einmitt á meðan á heimsókn hans stóð, að fangarnir fengu þrjá hvíldardaga í röð, en það var líka í fyrsta og síðasta skiptið. Á meðan gestirnir voru þarna, var ekki einum einasta fanga leyft að hreyfa sig út úr skálanum.

En það var ekki nóg. Enda þótt ferðir varaforsetans hefðu verið skipulagðar fyrirfram af mikilli nákvæmni, gat samt komið fyrir að hann fyrir einhverja vangá kæmi auga á fangana í girðingunum, sem ekki hefði orðið mjög skemmtileg sjón. Þess vegna var séð um það, samkvæmt skipunum frá hærri stöðum, að föngunum voru sýndar kvikmyndir þrjá daga í röð frá morgni til kvölds. Engir fanganna tóku sér því gönguferðir utan veggja þessa daga.

Fangarnir endurguldu Wallace varaforseta greiðann á sinn hátt, en hann vissi það líklega ekki. Hvernig gat hann vitað að leikararnir sem skemmtu honum eitt kvöldið í Gorkij-leikhúsinu í Magadan, væru flestir fangar? Hann kynntist aldrei þessum leikurum, því að um leið og tjaldið féll, voru þeir allir reknir inn í vörubíl og þeim ekið til baka í fangabúðirnar. Það hefði getað komið sér illa, ef einhverjir fanganna kynnu ensku og færu að segja varaforsetanum frá því, að þeir væru á meðal hundruð þúsunda saklausra fanga sem væru að taka út tíu ára fangelsisvist í Kolyma.

Fráleitt hefur Wallace varaforseti vitað að hann lagði óþægilega spurningu fyrir hóp ungra vel klæddra stúlkna, sem voru látnar koma fram sem svínahirðar á fyrirmyndarbugarði, 23 kílómetra frá Magadan. Hann spurði þær meinlausra spurninga um svínaræktina. En þær vissu ekkert um þetta starf, enda því alveg ókunnugar. Þær voru laglegar skrifstofustúlkur úr bænum, sem voru látnar leika



Þetta hlutverk fyrir varaforsetann. Þær komu fram í stað hóps af föngum sem í raun og veru voru svínahirðarnir. En túlkurinn bjargaði málinu með snarræði sínu og allt virtist vera með felldu.

Wallace varaforseti var einnig mjög hrifinn af að sjá hinn fjölbreytta verslunarvarning í búðargluggunum í Magadan. Hann gerði sér það ómak að fara inn í eina búðina og skoða þessar rússnesku vörur. En íbúarnir í Magadan voru jafnvel meira hissa heldur en bandaríski varaforsetinn að sjá allt í einu þessar rússnesku vörur í gluggunum, því að tvö undanfarin ár höfðu allar fánlegar vörur, sem þó voru mjög knappt skammtaðar, verið af bandarískum uppruna.

En lögreglan hafði lagt á sig mikið verk við vörusöfnun úr ýmsum verslunum langt í burtu og jafnvel fengið birgðir einstakra manna að láni til að geta skapað ákveðna mynd í huga Wallace varaforseta. Einn af íbúum bæjarins, snjall náungi, brá sér inn í búðina um leið og varaforsetinn fór þangað inn og keypti þar sælgæti sem ekki hafði sést lengi á frjálsum markaði. Annar kom inn og vildi fylgja dæmi hans, en þá var hinn tigni gestur að fara út og manningurinn var tilkynnt mjög stuttaralega, að þessi vara væri ekki til sölu.

Síðan fór Wallace varaforseti heim til sín og samdi og lét prenta hina glæsilegu lýsingu sína um Asíulöndin rússnesku. Þá voru varðturnarnir endurreistir, fangarnir hófu aftur vinnu sína, og í búðargluggunum sást nú ekkert annað en rykfálnir eldspýtustokkar.

Í bók sinni, *Erindi til Austur-Asíu* (East Asia Mission), talar Wallace varaforseti af óblandinni aðdáun um hinn hraða vöxt Magadan. Hann segir ekki frá því, veit það líklega ekki, að þessi borg var eingöngu reist með þrældómsvinnu ófrjálsra manna, og það undir hinum ömurlegustu vinnuskilyrðum. Hann dáist einnig að þjóðveginum sem liggur um 350 mílur norður um fjöllin frá hafnarbænum, en hann segir ekki frá því, eða veit það ekki, að þúsundir fanga fórnauðu lífi sínu í lagningu þessa vegar.

Wallace varaforseti segir einnig frá því að leynilögreglufoinginn Ívan Níkíshov hafi „brugðið á leik af ánægju yfir hinu tæra lofti“. Það er slæmt að Wallace varaforseti sá hann aldrei „bregða á leik“ í drykkjuæði sínu í fangabúðunum, þar sem hann jós blótsyrðum og svívirðingum yfir örþreytta og sárhungraða fanga, sem hann lét síðan loka inni í myrkraklefum án allra saka.

Ívan Níkíshov var tilfinningalaus og grimmur ofbeldisseggur. Með grimmdinni rak hann menn til að fullnægja áætluninni í gullnámunum og ríflega það, og með sömu aðferð ávann hann sér heiðursmerki og fé. Árið 1942 stóð hann á fimmtugu og sagði þá skilið við konu sína, sem var talin menntuð, og tók sér fyrir konu 29 ára gamla kommúnistastúlku, Grídassovu að nafni, óheflaða og ágjarna drós. Um hana get ég vel borið vitni, því að henni hafði áður verið fengin umsjón í kvennadeild fangelsisins.

Wallace varaforseti hefur hina hugnæmustu sögu að segja um Grídassovu. Hann talar um hæfileika hennar, móðurlegu umhyggju og nostursemi í smámunum. Alla

Þessa eiginleika fann hann í frú Níkíshov, en hann kynntist henni fyrst í Magadan, á „frábærri sýningu á málverkum í útsaumi eftir líkingum af frægum rússneskum landslagsmyndum. Þessar landlagsmyndir höfðu nokkrar konur þar búið til, er þær komu saman á köldum vetrarköldum til að kynna sér og iðka útsaum, en það er list sem rússneskt bændafólk hefur lengi lagt fyrir sig með frábærum árangri ...“

Níkíshov gaf Wallace varaforseta tvær af þessum myndum. „Hver saumaði þær?“ spurði varaforsetinn. Níkíshov svaraði á þá leið, að sér væri ómögulegt að þekkja allar saumakonur í fjörutíu þúsund manna borg. Seinna fékk varaforsetinn upplýsingar frá sýningarstjóranum um „hver þessi saumakona væri. Hún er ein af listakennurunum, konan hans Ívans.“

Sannleikurinn er sá að Grídassova var enginn listakennari og kunni ekki með nál að fara. „Þessi hópur heimakvenna“ voru kvenfangar, flestar fyrrverandi nunnur, sem voru látnar sauma fyrir konur háttsettra embættismanna, eins og Níkíshov. Öll þessi heimskulega frásögn fellur reyndar mæta vel inn í ramma af þeirri mynd sem Wallace varaforseti dregur af Níkíshov og konu hans, — þessi sálarlausu fúlmeni sem létu sig líðan mörg þúsund manna og kvenna og líf sem þau höfðu í hendi sinni, álíka miklu skipta og fiskinn ljúffenga sem þau báru á borð fyrir bandaríska varaforsetann.

## Dr. Lattimore

Einn af fylgdarmönnum Wallaces varaforseta var dr. Owen Lattimore fulltrúi upplýsingaskrifstofu hermálaráðuneytisins. Hann hafði alveg einstakt tækifæri. Enginn útlendur fræðimaður hafði áður stigið fæti inn í þessa paradís rússnesku leynilögreglunnar, né heldur síðar. Eftir heimkomuna hafði dr. Lattimore tækifæri til að láta prenta hvað sem hann vildi um Ráðstjórnarríkin, án ritskoðunar. Gagnstætt því sem tíðkast um rússneska vísindamenn, þurfti hann ekki að óttast að hann týndi frelsi sínu, þó að hann segði hreinskilnislega frá.

Tímaritsgrein, „Nýi vegurinn til Asíu“ (New Road to Asia), birtist undir nafni dr. Lattimores í *National Geographic Magazine* (í desember 1944), nokkrum mánuðum eftir að hann kom heim. Þar segir hann: „Undir keisarastjórninni (í Rússlandi) voru stjórn málaofsóknir oft svo hatrammar, að jafnvel hinir hæverskustu meðal frjálslyndra manna voru sendir langar leiðir í útlegð. Fyrir þessar sakir voru háskólakennarar, læknar, vísindamenn og fræðimenn alls konar á meðal hinna fyrstu útlaga í Síberíu.“

Ef dr. Lattimore hafði á annað borð áhuga fyrir stjórn málaofsóknum, þá er það undarlegt að hann skyldi ekki heimsækja einhverja af mörg hundruð fangabúðum í Kolyma, þar sem „frumherjarnir í Síberíu“ voru að svelta til dauða. Hvers vegna spurði hann ekki „fræðimenn alls konar“ hvers vegna þeir voru líkamlega og andlega kúgaðir í gullnámunum í Kolyma? Hvergi á yfirborði jarðar mun vera til annað eins land og Kolyma þar sem allir íbúarnir eru fórnarlömb stjórnarfarlegs

ofstækis. „Líklega hefur aldrei verið eins vel skipulagt frumherjastarf og það sem rekið hefur verið af Ráðstjórnarríkjunum, í nyrsta hluta landsins.“ Þetta er hárétt. Hvaða stjórn, önnur en stjórn Ráðstjórnarríkjanna, mundi senda hundruð þúsundir borgara sinna til ónuminna landa í þrælkunarvinnu?

„Úr loftinu gátum við séð að námugöng höfðu verið grafin með ákvednu millibili þvert yfir landið.“ Það er undarlegt að dr. Lattimore skyldi ekki sjá um leið hinar háu girðingar í kringum fangabúðirnar í námunda við námugöngin.

„Magadan er einnig hluti af merkilegu fyrirtæki, sem nefnist „Dalstroj“ sem að vissu leyti er sambærilegt við Hudson-flóafélagið.“ En Hudson-flóafélaginu er ekki stjórnað af lögreglulíði, og það lætur ekki skjóta vinnufólkið, þó að það vilji ekki vinna.

„Níkíshov, forstjóri Dalstroj-félagsins, hafði nýlega verið sæmdur mjög veglegu heiðursmerki, hetju Ráðstjórnarríkjanna, fyrir frábæra frammistöðu. Bæði hann og kona hans eru vel menntuð, hafa næman skilning á listum og söng og viðkvæma ábyrgðarkennd gagnvart samborgurum sínum.“ Hvað skyldi dr. Lattimore hugsa um þann mann, sem eftir að hafa heimsótt fangabúðir nasista í Dachau og Auschwitz, hefði látið þess getið að SS yfirfangavörðurinn hafi haft „næman skilning á listum og söng“?

Hver mundi vilja taka á sig ábyrgðina af slíkum orðum, ef sá tími skyldi koma að fangabúðirnar í Kolyma yrðu opnaðar fyrir alheimi, á sama hátt og fangabúðirnar í Dachau og Auschwitz? Skyldi nokkur endurtaka slík ummæli, þegar frosnir haugar framliðinna, huldin snjó, eru grafnir upp til að sanna hvað Ráðstjórnarríkin eru í sjálfu sér?

## Framlengingin

Um víða veröld telja fangar árin, mánuðina, vikurnar og loks dagana þangað til þeir verða látnir lausir. Ég hafði notað eldspýtur og látið eina eldspýtu tákna hvern mánuð fangavistarinnar. Fimm ár eru 60 mánuðir, 60 eldspýtur. Í lok hvers mánaðar tók ég eina eldspýtu út úr stokknum. Síðan var það dag nokkurn um sumarið 1942 sem ég flegði síðustu eldspýtunni. En ekkert gerðist.

Glamrið í járnstönginni kvaddi okkur á fætur eins og fyrr. Verðirnir formæltu eins og áður og verkstjórnarnir öskruðu í allavega tóntegundum: „Davaj, Davaj! Bystrey, Bystrey!“ (Haldið áfram, Flýtið ykkur!) Við bisuðum kófsveitt undir byrðum okkar af trjávið eða pokum með múrsteini. Við kepptumst um að ná í vindlingaenda sem fjórar aðrar höfðu reykt á undan okkur. Við stóðum hriðskjálfandi við skáladyrnar uns okkur var loks hleypt inn. Við vorum taldar og margtaldar, stórðum gráðugum augum ofan í galtóma súpuskálina eins og við byggjumst við að kraftaverk mundi gerast og hún fyllast á ný þangað til að einhver gaf okkur óþyrmilegt olnbogaskot og rak okkur af bekknum til þess að geta satt að nokkru hungur sitt og við skriðum upp á svefnvallinn til veggjalúsanna.

Hálftu öðru ári eftir að ég hafði fleygt sextugustu eldspýtunni úr stokknum, rétti yfirmaður varðanna mér pappírsmíða eitt kvöldið og sagði að skrifa undir. Þetta hljómaði svo: „Fanginn Elinor Lipper, dæmd til fimm ára betrunarhússvistar við erfiðisvinnu, hefur tekið út hegningu sína. En henni verður samt haldið í fanga-búðunum uns stríðinu er lokið. Henni hefur verið tilkynnt þessi ákvörðun.“

Dagar, vikur, mánuðir og ár liðu, vonin hvarf og lífið fjaraði út. „Hraðar nú! Flýttu þér!“ Þreyta, hungur, kuldi. Ó, að mega hvíla í hreinu rúmi, að mega vera ein eina dagstund, að mega vera í friði án þess að heyra ískrið í járnstönginni. Hvaða lykt er annars af epli? Skyldu járnbrautir enn vera í gangi, einhvers staðar í heiminum?

Síðan kom maímánuður 1945, sigurinn með samkomum og ræðuhöldum. Fangarnir föðmuðu hverjir aðra, augu þeirra voru full af fagnaðartárum og von. En ekkert gerðist. Sigurárið 1945 leið og hvarf, sömuleiðis næsta ár. Það var tíunda fangelsisárið mitt. Gamlir fangar dóu og aftur og aftur komu nýir fangar í land úr iðrum skipanna. Einum kvenfanga meira eða minna! Hver kærir sig um smámuni!

Þræla af baki brotnu, þjást heilu hungri, þræla og frjósá. Flýttu þér nú! Hypjaðu þig! Hafðu nú hraðann á!

## Heimleiðin

Örsmáar dökkar verur skriðu upp á við eftir nærri lóðréttum járnstiganum á skips-hliðinni. Hrædd og hikandi feta ég mig áfram upp þessi þröngu þrep.

Hugsum okkur að við séum að ferðast samkvæmt fyrirskipunum frá Moskvu! Hvert skal halda? Engar upplýsingar gefnar. Hvers vegna ekki? Ekkert svar. Var ég nú á leið? En verðirnir létu eftir allt saman litla hópinn okkar ekki njóta frelsis eitt augnablik. Loksins vorum við reknar niður í lestarrúm skipsins

Hér var reglulegur kvalastaður þar sem menn börðust um einn vatnsdropa. Mér varð litið á öskugrá andlit karlmanna sem voru lokaðir inni í þessari kytru, sem okkur var afmörkuð. Þeir voru sjóveikir og köstuðu upp af legupallinum ofan á gólfíð eða sátu til skiptis á skörðóttri vatnsfötu, þar sem þeir urðu að svara kalli náttúrunnar í viðurvist okkar, tveggja kvenna, sem vorum lokaðar inni með þeim.

Mér varð starsýnt á þá þar sem þeir lágu hver fyrir ofan annan og hver ofan á öðrum. Á höndum sumra voru aðeins stubbar, frostið hafði séð fyrir fingrunum og fætur þeirra voru hlaðnir sárum. Þar var unglingspiltur með beinagrindarnef. Allt hold hafði frosið af nefinu og síðan fallið burt. Þeir stórðu ástríðufullum augum á okkur konurnar. Þeir höfðu ekki séð konu í sjö ár.

Á næturna nauðguðu þeir annarri konunni til skiptis, án minnstu blygðunar, breiddu aðeins yfir sig ábreiðuræfil, en hinir horfðu á gráðugum augum. Ég var hin konan. Ég hnipraði mig saman í sæti mínu, en gat ekki sofið fyrir ótta, barðist á hæl og hnakka til að verja mig fyrir þessum kvikindum og lýsti andstyggð minni á þeim.

Ferðin til frelsis! Við komum til Búkhta Nakhodka, dagleið fyrir norðan Vladí-vostok. Þar beið okkar rými á gólfinu í troðfullum herbúðum sem ætlaðar voru föngum á ferðalagi. Aðbúnaðurinn þar var ekki öðru vísi en venjulega. Skálarnir voru fullir af pöddum og mannverum. Maturinn var óætur og andstygglegur og vatnið af skornum skammti.

Kveðjumáltíðin, sem ég naut þarna var súpa með skemmdum kartöflum sem lyktuðu eins og forarvilpa. Síðan gengum við stutta leið og sjá, við vorum komin á járnbrautarstöð! Þarna var gufuvél á teinum, regluleg járnbrautarvél en ég hafði ekki séð neitt þessu líkt í átta ár. Mig langaði til að klappa henni. En skapmýktin og hrifningin hurfu brátt er ég kom inn í fangavagninn.

Upphaflega hafði þetta verið venjulegur farþegavagn. En nú voru þéttar járnslár fyrir öllum gluggum. Verðir þrömmuðu aftur og fram um ganginn. Vagndyrnar voru úr traustu stáli og voru læstar alla leiðina.

Í hverjum klefa voru þrír viðarbekkir hver uppi yfir öðrum. Allt að 25 manns var hrúgað inn í hvern klefa. Vörður frá Búkhta Nakhodka umferðabúðunum leit til okkar þar sem við sátum eins og skepnur í búi. Það var eitthvað geðþekkt í tilliti hans.

„Á hvaða leið erum við, herra yfirmaður?“

„Til Kazakhstan,“ svaraði hann lágum rómi.

„Hve lengi ætli ferðin standi yfir?“ Hann hikaði augnablik. „Hér um bil tólf daga,“ svaraði hann síðan, og leit við.

Hvernig gat nokkur maður litid svo sakleysislega út og um leið logið öðru eins? Við urðum að þola kvalir í fangavögnum og fangabúðum í meira en tvo mánuði, áður en við kæmumst til Kazakhstan.

Það voru ekki þrengslin í klefanum eða hungrið, sem þjáði okkur mest, heldur þorstinn. Við öskruðum okkur hás í bæn um dropa af köldu vatni, einkum þegar maturinn, með rjúkandi tekatli, var borinn eftir ganginum til varðanna alveg fram hjá okkur. Það var nóg vatn á hverri járnbrautarstöð, en ekki fyrir okkur.

Eins og tíðkast í járnbrautarvögnum voru salerni hvort í sínum enda vagnsins. Verðirnir stóðu í ganginum og geispuðu af leiðindum. Það voru aðeins fáein skref frá klefadyrunum yfir að salerninu. Fangarnir sár báðu og hrópuðu: „Lofid okkur út, hleypið okkur út.“

Margir þeirra voru veikir, þjáðir af niðurgangi vegna fæðunnar sem var svart brauð, saltfiskur og ósoðið vatn. En föngunum var aðeins leyft að vitja salernisins tvisvar á sólarhring; það voru reglurnar.

Fangarnir kvörtuðu og kveinuðu, bölsótuðust og öskruðu, þar sem þeim var þannig hrúgað saman eins og villidýrum og fluttir úr einu fangelsinu í annað. Og þegar þeir gátu ekki lengur stjórnað sér og urðu að láta allt fara inni í klefunum, voru þeir barðir miskunnarlaust með riffilskeftum varðanna.

Á leið með okkur var hópur fanga, skringilegur í útliti. Sumir þeirra voru Japanir með mjög háar loðhettur á höfði og í löngum loðkápum. Hitt voru ung-

lingar á aldrinum 12 til 16 ára. Þetta voru fól og mögur börn, augsýnilega þjád af næringarskort. Nærri undantekningarlaust áttu þau að taka út þriggja ára fangelsisvist fyrir þjófnað.

Tvisvar á dag var þeim eins og hinum leyft að fara á salernið, tveimur í hvert sinn. Á leiðinni þangað hlupu þessir litlu sárþjáðu vesalingar eins hratt og þeir gátu. Þeir reyndu að draga bakaleiðina eftir ganginum á langinn, einkum er þeir fóru fram hjá kvennaskálanum en þar vonuðust þeir til að fá brauðmola gefins eða tóbak. Hundrað lítil unglingsaugu kíktu á okkur forvitnislega, en með eftirvæntingu, sum þóttafull, sum bænaraugum, en öll hungruð.

Langar rifnar buxur hengu yfir slitna skógarma, en hendurnar höfðu þeir falið í vösunum á karlmannsökkum, sem náðu þeim niður fyrir kné. Þeir hurfu síðan á bak við sínar eigin lokuðu dyr, þar sem þeir börðust um rými til að sitja eða liggja og öðru hvoru heyrðist sár barnsgrátur frá einhverjum litlum dreng sem ekki gat borið hönd fyrir höfuð sér.

Lestin nam staðar á járnbrautarstöðinni í Khabarovsk. Drengirnir stukku einn eftir annan af háu þrepunum niður í snjóinn á stöðvarpallinum. Þeir þurftu ekki að hugsa um böggla eða farangur því að þeir höfðu ekkert meðferðis. Þeir settust á hækjur sínar í snjónum, vörðu hendur sínar í löngum jakkaermunum, sátu álútir eins og þeim hafði verið skipað. Þeir sem engar verjur höfðu á eyrunum, urðu strax bláir af kulda.

Örskammt frá fangelsinu hékk spjald eitt mikið með áletran, sem getur að líta nærri hvar sem menn ferðast um Ráðstjórnarríkin. Það sýndi mynd af Stalín með litla stúlku á kné sér, en undir standa orðin: „Þakka þér félagi Stalín fyrir hamingjusama æsku.“

Það var næstum hálfu öðru ári síðar, eftir að ég hafði dvalið í sjö fangelsum í viðbót, að sá dagur loks rann upp að ég fór yfir landamærin í gripavagni. Okkur var loks hleypt út í Frankfurt am Oder. Þessu næst lá leið mín um þrjár ólíkar fangabúðir, þar sem unnið er að heimflutningi fólks á hinu rússneska hernámssvæði Þýskalands.

Síðar var það á björtum júnídegi árið 1948, að ferð með bandarískri flugvél batt enda á ellefu ára dvöl mína í fangabúðum Ráðstjórnarríkjanna.



**Seinni hluti:  
Hringir örlaganna**

AINO KUUSINEN



## Fangabúðavist Ainos Kuusinens

Nokkrar stundir: Bútyrka-fangelsið, Moskvu, 1938  
Sex mánuðir: Lúbjanka-fangelsið, Moskvu  
Níu mánuðir: Lefortovo-fangelsið, Moskvu  
Tveir mánuðir: Fangabúðir í Kotlas  
Tveir mánuðir: Ferð frá Kotlas til Kotsjmes  
Þrjár vikur: Ganga frá Kotsjmes til Vorkúta  
Þrjú ár: Fangabúðir í Vorkúta Vom  
Þrjú ár: Fangabúðir í Vorkúta, til 1946  
Vika: Gæsluvarðhald í Demjanovka í Kazakhstan, 1949  
Fjórtán mánuðir: Lúbjanka-fangelsið, Moskvu  
Átta mánuðir: Bútyrka-fangelsið, Moskvu  
Fjögur ár: Fangabúðir í Potjma, til 1955

## Kuusinen

Eitt dularfyllsta fyrirbærið meðal þeirra kommúnista, sem kunnir voru á alþjóðavettvangi, var maðurinn minn, Otto Wille Kuusinen heitinn. Það er von mín, að mér megi takast vegna einstakrar reynslu minnar að varpa nokkru ljósi gegnum hinn leyndardómsfulla hjúp, sem umlykur hann.

Eitt sinn birti Otto Kuusinen grein í Ráðstjórnarríkjunum um heimspeki sína undir heitinu „Að velja hinn rétta hring“. Hann þekkti hrifningu bolsévíka af stórum vélum, og því lýsir hann í þessari grein tæki, sem heldur taug á hreyfingu. Á henni hanga hringir, sem fólk, er bíður fyrir neðan taugina getur auðveldlega gripið í. Sérhver mannleg vera á þess kost í þessu lífi að ná taki á slíkum hring án þess að vita, hvert taugin muni bera hann. Gæfan í lífinu er undir því komin, hvort mönnum heppnast að ná í hinn rétta hring, sem flytur þá yfir hlyldýpi lífsins, svo að þeir lendi á öruggum stað, þegar þeir sleppa takinu. En það er hlutskipti margra manna að grípa svikulan hring og lenda á hættulegum stað óralangt frá þeim bletti, sem þeir vonuðust til að hafna á. Öðrum tekst að vísu að ná taki á hinum rétta hring, en þeir sleppa honum of fljótt eða á röngum stað. Þessi samlíking á alls ekki illa við mannlífið.

Í mínu eigin líf í greip ég fyrst í byrjun þriðja áratugarins í hring, sem bar mig burtu frá Finnlandi, fyrst til Moskvu og síðan til margra annarra heimshluta, sem ég hafði aldrei búist við að sjá. Eftir sjö ára dvöl í Moskvu, höfuðstöðvum heimsbyltingarinnar, völdum við, maðurinn minn Otto Kuusinen og ég, ólíka hringi, og ég hélt burt frá Rússlandi til Bandaríkjanna, þar sem ég gegndi leynilegu hlutverki í þágu flokksins í tvö ár.

Eftir að ég hafði búið svo lengi í Bandaríkjunum, var erfitt eftir heimkomu mína að þola hinn gráa hversdagsleika höfuðborgar ráðstjórnarinnar. Ég náði taki á öðrum hring, sem bar mig til Japan 1934. Með aðstoð leyniþjónustu ráðstjórnarhersins átti ég þar áhyggjulausustu og hamingjusömustu ár ævi minnar. Vegna starfs míns komst ég í kynni við mann, sem eftir dauða sinn hefur öðlast frægð sem besti njósnari, sem Ráðstjórnarríkin hafi nokkru sinni haft: Dr. Richard Sorge. En þegar ég kynntist honum um miðjan fjórða áratug, fór því fjarri, að menn í Moskvu hefðu neitt sérstakt álit á honum.

Í árslok 1937 fékk ég skipun um að snúa aftur til Moskvu. Þar sem ég hélt, að ekkert slæmt gæti komið fyrir mig, hlýddi ég. En í þetta sinn valdi ég rangan hring, það átti einnig fyrir mér að liggja að kynnast náíð skelfingum hreinsana Stalíns. Í meira en ár var ég í ýmsum fangelsum í Moskvu, en síðan átta löng ár í hinum ill-

ræmdu vinnubúðum nálægt Vorkúta við norðurheimskautsbaug. Það þarf tæpast að taka það fram, að það var dapurlegasti kafli ævi minnar.

Eftir stríðið var ég látin laus úr Vorkúta, en varð þó að horfast í augu við þá óhjákvæmilegu erfiðleika, sem allir fyrrverandi stjórnmalafangar í Ráðstjórnarríkjunum verða að gera. Mér var ekki leyft að búa í Moskvu, svo að ég leitaði til sólríks staðar í Kákasus-skaga, þar sem ég gæti lifað í friði meðal vina minna. En mér var ekki gefið að lifa í ró og næði. Enn var ég handtekin, og aftur var mér varpað í Moskvu-fangelsin, sem ég þekkti þegar svo vel. Enda þótt ég væri orðin heilsuveil, var ég send eftir nokkurn tíma til vinnubúðanna við Potjma, þar sem ég varð að dveljast í fimm og hált ár. Loks var ég látin laus árið 1955, tveim árum eftir dauða Stalíns.

Þann dag, sem ég öðlaðist frelsi, hét ég því að gera allt til þess að komast út úr þessari „paradís verkamannanna“, sem síðan hafði fótum troðið rétt minn sem mannlegrar veru. Þó liðu enn tíu ár, uns ég næði þessu marki. Loksins árið 1965, nær einu ári eftir dauða Ottos Kuusinens, fékk ég leyfi til að heimsækja ættland mitt, Finnland.

Ég hef víst ratað í fleiri ævintýri, og kaldhæðni örlaganna hefur ef til vill oftar vitjað mín en flestra samtímamanna minna, en þó hefur ekkert mótlæti bugað mig og lífslöngun mín aldrei dvínað. Eitt hef ég lært í viðburðaríku lífi mínu: Sérhver maður er sinnar gæfu smiður, vitandi eða óafvitandi. Hina slæmu lífsreynslu verðum við að skrifa á okkar eigin reikning, en ekki hinna, eða þakka það gæfunni, ef við veljum hinn rétta hring.

## Hjónabandið

Ég varð þess brátt vör, eftir að ég kom til Moskvu, hversu erfitt og gleðisnautt líf almennings var eftir byltingu bolsévika. Ég varð tortryggin gagnvart hinu „stéttlausa þjóðfélagi“ og þeim mun meir sem ég kynntist betur hinum mikla mun á lífskjörum „ráðstjórnar-yfirstéttarinnar“ og verkalýðsstéttarinnar.

Hvernig lifði þessi „ráðstjórnar-yfirstétt“, eins og alþýðan í Moskvu kallaði hana? Mín eigin fjölskylda var glöggt dæmi um það. Á hverju ári fengum við nýjan bíl, sem við borguðum ekkert fyrir, og vegna hins mikla örlætis hins „stéttlausa þjóðfélags“ fengum við einnig að kostnaðarlausu íbúð í Moskvu og sumarbústað ásamt bílstjóra og ráðskonu. Ráðskona okkar hvorki kunni að lesa né skrifa og hafði fyrir byltinguna verið eldhússtúlka hjá efnaðri fjölskyldu. Þegar hún keypti inn, þurfti hún ekki að hafa með sér neina peninga, heldur þrjár smábækur, sem hún varð að sýna í hinum ýmsu verslunum (mjólkur-, kjöt- og fiskbúðum ríkisins).

Alþýðuhúsmóðir gat hvergi keypt eins mikið og hún vildi. Allar lífsnaudsynjar voru naumt skammtaðar. Húsmóðir gat til dæmis sjaldnast fengið meira en 100 grömm af smjöri í einu. Aftur á móti gátu háttsettir embættismenn, sem áttu ótakmarkaðan fjölda af skömmtunarbókum, fengið eins mikið af matvörum og þeir

vildu. Biðraðir mynduðust við matvöruverslanirnar snemma morguns, og lög-regluþjónn annaðist eftirlit. Jafnskjótt og einn viðskiptavinur kom úr versluninni með smáböggul var öðrum hleypt inn. En ráðskona okkar þurfti aldrei að fara í biðröð. Um leið og hún hafði sýnt bækurnar, hrópaði lögregluþjónninn: „Víkið, víkið!“ Þegar hún síðan kom úr versluninni böggulum hlaðin, hrópuðu konurnar í biðröðinni oft að henni í gremju sinni. En ráðskonan vissi þó aldrei um allan töframátt bókana. Hún hélt, að við borguðum fyrir það, sem við „keyptum“, en í rauninni greiddum við aldrei eyri. Margir lægra settir starfsmenn í Komintern höfðu að vísu bækur, sem heimiluðu þeim ótakmörkuð kaup í ríkisverslunum, en þeir urðu að borga í peningum. En fyrir okkur, „yfirstéttina“, borgaði hið „stétt-lausa þjóðfélag“.

## Stalín

Aino Kuusinen lýsti í endurminningum sínum kynnum af Jósíf Stalín. Þau voru samtímis í sumarleyfi við Svartahafið 1926. Stalín bauð Kuusinen-hjónunum í bílférl. Hann var kurteis og vingjarnlegur og komst smám saman í gott skap. Þau óku um bennskustöðvar hans í Georgíu.

Allt í einu segir Stalín eins og í spaugi: „Hér er ég hinn eini raunverulegi öreigi, því að nafn mitt endar á ‚shvílí‘. (Hann hét Dzhúgashvílí). Allir hinir georgísku félagarnir, sem heita nöfnum, sem enda á -ídze og -adze, eru annaðhvort komnir af yfirstéttarfólki eða borgarastéttinni.“ Og síðan taldi hann upp þrjá bestu vini sína, þá Enúkídze, Lomínadze og Ordzhoníkídze, sem allir gegndu háum embættum í ríkisstjórninni, en nokkrum árum síðar hafði hinn góði vinur þeirra, Stalín, látið drepa þá alla nema Ordzhoníkídze, sem stytta sér aldur.

Skömmu síðar hittum við Stalín aftur, og þá kom hann mér allt öðru vísi fyrir sjónir. Hann sendi bíl sinn eftir okkur, og við fréttum á leiðinni, að ætlunin væri að sigla um Svartahafið. Stalín tók mjög hlýlega á móti okkur í klefa skipsins og sagði við einn hásetanna: „Þetta eru gestir, sem ég þjóna sjálfur.“ Á borðinu voru ávéxtir og mikill fjöldi af vínflöskum. Stalín hellti í glösin og setti plötu á grammófóninn. Það var hið hrifandi grúsíska þjóðlag „Súlíko“, þótt hrifningin dvínaði, þegar hann spilaði það aftur og aftur. Hann drakk hvert glasið á eftir öðru og eftir nokkra stund byrjaði hann að dansa. Það var hræðilegt að sjá hann þannig, og því meira sem hann drakk, þeim mun skelfilegri var hann á að líta. Þetta var eins og hryllilegur draumur. Hann bókstaflega öskraði af hlátri, traðkaði og sparkaði fyrir framan okkur í klefanum fram og aftur án nokkurs samræmis við hina indælu músík. Þetta var ekki aðeins ruddalegt og andstyggilegt, heldur einnig svo furðulegt, að það hafði ógnþrungin áhrif á mig. Hið dularfulla var, að þrátt fyrir ölað við virtist hann vera nægilega með sjálfum sér til að fylgjast vel með viðbrögðum mínum.

Allan daginn vorum við með hinum drukkna einræðisherra á Svartahafi, og smám saman varð hann eins og hræðileg ófreskja. Sólin skein og sjórin glitraði, en hinn hroðalegi sjónleikur spillti ánægju allra. Þegar við vorum loksins komin aftur í sumarbústað okkar, sagði ég afdráttarlaust við Otto, að ég myndi aldrei fara aftur í skemmtiferð með Stalín.

Þennan ömurlega dag á Svartahafi birtist mér Stalín eins og hann raunverulega var, og Otto sagði mér seinna frá öðrum eiginleikum Stalíns: Þeim mun vægðarlausari og grimmúðlegri sem hann varð, þeim mun hræddari varð hann um sitt eigið líf, svo að jafnaði við brjálæði. Þegar hann fór í járnbrautarlest, jafnvel um heimkynni sín í Georgíu, var því haldið stranglega leyndu, í hvaða vagni aðalritari flokksins væri.

## Komintern

Örlögin réðu því, að ég starfaði í þágu Kominterns, Alþjóðasambands kommúnista, árin 1924 til 1933. Ég vissi nær ekkert um þessi samtök, áður en ég kom til Moskvu, en áður en langt um leið kynntist ég náði þessum „höfuðstöðvum heimsbygðarinnar“. Árið 1921 var maðurinn minn skipaður ritari framkvæmdanefndar Komintern, og ásamt öðrum störfum hafði hann það hlutverk að marka stefnu samtakanna. Haustið 1922 tók Otto að bjóða mér að taka þátt í hinum ýmsu kvöldfundum, þar sem fjallað var um málefni Komintern, en þeir fóru fram í íbúð okkar í Hótel Lux.

Í apríl 1924 byrjaði ég að vinna í Komintern-byggingunni og fékk fyrstu stöðu við upplýsingadeildina. Vegna norræns uppruna míns var mér falið að fylgjast með stjórn málum og efnahagsmálum í Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

Í mars 1923 fékk Lenín slag í þriðja sinn og var mjög þungt haldinn. Þá lagði Komintern allt kapp á að koma af stað að minnsta kosti einni vel heppnaðri byltingu, áður en „spámaðurinn“ kveddi þennan heim.

Otto hafði sagt mér, að í sambandi við byltingar hefði hann aldrei haft trú á því að illa undirbúnar og óskipulegar byltingartilraunir í smáríkjum eins og Búlgaríu, Ungverjalandi og Bajaralandi myndu hafa nokkur varanleg áhrif. Öðru máli gegndi um Þýskaland. Þar virtist akurinn vera plægður, og Otto var fullur bjartsýni og áhuga. Hann var einnig sannfærður um, að auðvelt væri að ná völdum í nágrannalöndunum, jafnskjótt og kommúnísk stjórn hefði komist til valda í Þýskalandi. Það gekk svo langt, að sú sannfæring, að öll Evrópulönd myndu ganga kommúnismanum á hönd eftir vel heppnaða byltingu í Þýskalandi, varð að megin-kennisetningu í Moskvu, sem allir trúðu í alvöru.

Með margra mánaða fyrirvara var miðnætti 22. október 1923 ákveðið sem nákvæmt tímamark fyrir hina þýsku stjórnarbyltingu. Í dögum 23. október áttu Berlín, Hamborg og margar fleiri þýskar stórborgir að vera í höndum kommúnista. Árásarsveitir voru aðallega skipulagðar í Berlín, þjálfaðar og búnar vopnum, og þær áttu samtímis að gera skyndiárás á ráðhúsið, ýmis ráðuneyti, aðallögreglustöðina,

ríkisbankann og mikilvægustu járnbrautarstöðvarnar og fleiri staði. Ráðherra ríkisstjórnarinnar átti að handtaka og skjóta á staðnum. Allt var undirbúið í einstökum atriðum, og meira að segja var stefnuyfirlýsing og ávarp hinnar nýju stjórnar tilbúið mörgum mánuðum fyrir daginn mikla.

Komintern var fengið til umráða flutningaskip sem fór reglubundnar ferðir milli Pétursborgar og Hamborgar, til vopnasendinga. Vopnunum var skipað upp af kommúnískum hafnarverkamönnum í Hamborg.

Lenín ætlaði Kuusinen það hlutverk að stjórna uppreisninni í Berlín, en Otto hafði engan áhuga á að taka slíka áhættu. Fyrst kom hann með óverulegar viðbáru án þess að hafna stöðunni, en síðan skýrði hann Lenín frá því, að sér væri það vissulega mikill heiður að vera valinn til svo ábyrgðarmikillar stöðu í Þýskalandi, en eftir vandlega íhugun hefði hann komist að þeirri niðurstöðu, að hann væri ekki rétti maðurinn, þar sem hann hefði tekið þátt í hinni misheppnuðu uppreisn í Finnlandi árið 1918. Einhver, sem hefði gegnt veigamiklu hlutverki í hinni vel heppnuðu októberbyltingu væri mun betur til þess fallinn að gegna þessari stöðu í Þýskalandi. Hann benti á Karl Radek, sem þekkti Þýskaland vel eftir margar sendiferðir þangað. Og svo fór, að Radek var sendur til Þýskalands til að stjórna og hafa eftirlit með uppreisninni.

Mér er í fersku minni kvöldið 22. október í íbúð okkar í Hótel Lux, þar sem Otto, Pjatrínskíj og Manúílskíj biðu eftir hraðskeytinu frá Berlín, sem átti að boða upphaf byltingarinnar. Þeir sátu þrír í vinnuherbergi Ottos og reyktu og drukku kaffi án afláts. Síminn í vinnuherberginu var í beinu sambandi við sjúkrahéð Leníns í Gorki. Þótt Lenín væri svo veikur, að hann gæti lítið sem ekkert talað var hann þó andlega heill og fylgdist af miklum áhuga með þessari tilraun, þar sem reyndi verulega á stjórnmalakenningar hans í mikilvægasta landi Evrópu.

Það leið fram yfir miðnætti, en ekkert skeyti barst! Klukkan varð eitt, og enn fréttist ekki neitt. Klukkan varð tvö og þrjú og svo framvegis, þangað til Pjatrínskíj og Manúílskíj fóru heim til sín, en áður höfðu þeir þó sent stutt og gagnort skeyti til Radeks: „Hvað hefur gerst?“ Eftir nokkurn tíma kom svarið frá Radek: „Ekkert.“

Daginn eftir bárust þær fréttir, að um nóttina hefði slegið í bardaga, þegar verkamenn undir forustu Ernsts Thälmanns hefðu hafið uppreisn, og hefði mannfall orðið mikið. En það var allt og sumt! Eftir allan hinn langa og stranga undirbúning hafði ekkert gerst (það kom síðan í ljós, að Radek hafði í samráði við leiðtoga þýska kommúnistaflokksins ákveðið á síðustu stundu að fresta uppreisninni um þrjá mánuði, en tilkynning um það náði ekki til Thälmanns)!

Þar sem svo illa hafði til tekist í Þýskalandi, ákváðu Komintern-leiðtogarnir að reyna byltingu í smærri mæli og Eistland varð fyrir valinu. Eigi að síður var hið unga lýðveldi ekki vænlegur vettvangur til byltingar samkvæmt kenningum Leníns, því að landið var á framfarabraut og ekki um neitt kreppuástand að ræða. En eistnesku kommúnistarnir í Moskvu og Lenínsgarði voru sannfærðir um, að ein árásarsveit kommúnista myndi nægja til að hrekja hina illa þokkuðu auðvaldsstjórn

frá völdum. Komintern-leiðtogarnir gengu í gildruna, og 1. desember 1924 réðist sveit tæplega hundrað manna á mikilvægar stöðvar í Tallinn. Verkamenn höfðu hins vegar hljótt um sig, og árásunum var alls staðar hrundið. Aðeins örfáir úr árásarsveitinni komust aftur til Ráðstjórnarríkjanna. Þetta var aðeins smávægilegur atburður, en ég man vel, hve Otto var vonsvikinn vegna þessarar herfarar. Hann hafði vænst þess, að suðurströnd Finnlands félli í hendur kommúnista, en með því hefði hernaðarstaða Finnlands veikt verulega. Auðvitað var varla minnst á þetta fyrirtæki í Moskvu, og aðeins fáir vissu um það.

Þegar ég hafði verið í Moskvu nokkra mánuði, fór ég að leiða hugann að því, hvaðan Komintern fengi alla þessa peninga. Dag nokkurn heyrði ég samtal milli manns míns og Pjatrítskíjs í íbúð okkar í Hótel Lux og mér til undrunar kom í ljós, að alla kommúnistaflokka og blöð þeirra í heiminum yrði að styðja fjárhagslega. Þegar ég vann þá fyrir Komintern, voru kommúnistaflokkarnir og útgáfustarfsemi þeirra jafnan fjárhagslega háð aðalstöðvum Kominterns í Moskvu. En það var að sjálfsögðu nauðsynlegt að láta það líta þannig út opinberlega að í öllum löndum gengju verkamenn í kommúnistaflokkana til að skapa grundvöll að heimsbyltingu og að þeir legðu sitt af mörkum til að standa straum af kostnaði við Komintern. Í blekkingarskyni var því fest á pappír ákveðin upphæð, sem hverjum flokki bæri að greiða á ári hverju. Ársreikningarnir, sem birtir voru opinberlega, voru settir saman af þeim Otto og Pjatrítskíj, og þar var alltaf að finna dálk, sem bar heitið: „Framlög frá bróðurflokkum“.

Þeir skemmtu sér báðir konunglega þegar þeir voru að semja þetta yfirlit. Otto sagði mér oft, að Komintern hefði aldrei fengið einn kópeka frá nokkrum einasta flokki erlendis. Öðru nær. Hinir erlendu kommúnistar hikuðu ekki við að fara fram á fé frá Komintern, meðan ég starfaði þar, til að losa sig úr margvíslegum kröggum. Oftast voru þeir sendir til Pjatrítskíjs, og hann einn vissi nákvæmlega, hve mikið fé var greitt hverjum flokki.

Einhvern veginn kom allt fé til starfsemi Komintern frá ráðstjórninni. Fyrstu árin var nokkurs fjár aflað, þótt aðeins að mjög litlum hluta væri, með því að selja erlendis skartgrip, listmuni og aðra dýrgrip frá keisarátímanum, sem lagt hafði verið hald á. En í heild sinni var ríkissjóður Ráðstjórnarríkjanna eina tekjulind Kominterns, þótt féð væri aldrei greitt beint af fjármálaráðuneytinu, heldur fyrir tilstilli einherrar af skrifstofum flokksins.

Það virtist aðeins rökréttur gangur mála, að Pjatrítskíj og tveim nánustu samstarfsmönnum hans væri stefnt fyrir rétt í lok fjórða áratugarins og þeir skotnir — þeir vissu of mikið. Til fróðleiks má geta þess að aðalákæruatriðið var, að þeir hefðu stutt Trotskíj á laun fjárhagslega eftir að hann var flúinn úr landi.

Í þessu sambandi dettur mér í hug smásaga um Kalínín, forseta Ráðstjórnarríkjanna. Hana sagði mér Tovstúkha, háttsettur embættismaður miðstjórnar kommúnistaflokksins, en hann var viðstaddur, þegar Kalínín tók á móti lettneska sendiherranum, sem kom til að afhenda trúnaðarbréf sitt. Kalínín gamla varð á

sú skyssa að halda, að þar væri kominn lettneskur kommúnistaforsprakki og tók á móti honum með þessum gamansömu orðum: „Góðan daginn, félagi! Hvað er helst að fréttu? Hafði þér undan einhverju að kvarta? Lætur Þjatinískj ekki flokk yðar fá nóga peninga? Þér hljótið að vita að ég er ekki sá sem þér eigið að snúa yður til. Þér eigið að fara til Kominterns og tala við Þjatinískj. Sjáið til, það er pilturinn, sem er með peningana!“ Kalínín var einn af hinum fáu skemmtilegu mönnum meðal leiðtoga Ráðstjórnarríkjanna, sem ég kynntist.

Í maí 1943 var opinberlega tilkynnt, að Komintern hefði verið leyst upp, og vakti sú frétt heimsathygli. En mér kom þetta engan veginn á óvart, enda vissi ég um hið hroðalega mannfall í starfslíðinu. Svo margir hæfustu mannanna höfðu látið lífið að stofnunin var vart starfhæf. Auk þess var það ljóst, að ein af ástæðunum til þess að Komintern var leyst upp, var sú staðreynd, að með áróðri sínum í hinum kapítalísku löndum hafði samvinnu Ráðstjórnarríkjanna og Vesturveldanna verið stefnt í hættu. En nú var nauðsynlegt að fullvissa þessar þjóðir um að engar ráðagerðir væru lengur uppi um að ráða niðurlögum kapítalismans og hrinda af stað heimsbyltingu. En aðalástæðan til þess, að Komintern var talin ónauðsynleg, var að mínu áliti að Stalín hafði fallið frá hugmyndinni um heimsbyltingu, sem fólgin væri í uppreisnum. Hann virtist æ meir hafa hallast að þeirri skoðun, sem Otto Kuusinen hafði haldið fram við mig mörgum árum áður, að útbreiðsla kommúnismans myndi aðallega eiga sér stað með vopnavaldi, með útvíkkun til nýrra landsvæða. Og hernám væri fyrsta skrefið.

## Bandaríkin og Japan

Sem fyrr segir, fór Aino Kuusinen til Bandaríkjanna á vegum Kominterns eftir sjö ára dvöl í Moskvu, og átti hún að kynna sér starfsemi kommúnistaflokksins vestra, en innan hans voru þá miklar deilur, og einnig átti hún að reyna að samræma blaðaútgáfu finnskra verkamannaflokksins vestra, sem laut stjórn kommúnista, og annarra finnskra samtaka þar. Hér er ein blaðsíða úr 3. kafla bókarinnar, en hann nefnist „Hlutverk mitt í Ameríku“.

Eftir vandlega íhugun ákváðum við að selja gömlu prentvélinu í Worcester og þegar það fréttist til Moskvu, skrifaði Sirola (hann var ráðherra í uppreisnarstjórn kommúnista í Finnlandi 1918) okkur vestur, að finnska blaðið í Lenínsgarði, *Vopus*, vildi gjarnan kaupa prentvélinu. Finnska félagið í New York ákvað þá að senda Finnnum í Lenínsgarði vélinu að gjöf. Vélin var tekin sundur og send til Rússlands. En þá kom það í ljós, að enginn gat sett vélinu saman þar, svo að gefendurnir voru beðnir ásjár. Þeir sendu þá þrjá finnsk-ameríska prentara til Lenínsgarðs og er þeir höfðu lokið verki sínu að þremur mánuðum liðnum, sneru tveir þeirra vestur aftur. Hinna þriðji, Hietala, tjáði sig sér til mikillar ógæfu vera reiðubúinn að dveljast



lengur í Lenínsgarði til að kenna starfsmönnum blaðsins að fara með vélina. Það var þó yfirskin, því að í reyndinni hafði hann orðið ástfanginn af finnskri stúlku, sem hann síðan kvæntist. En það leið ekki á löngu áður en GPÚ „uppgötvaði“, að hann væri amerískur njósnari og handtók hjónin. Ég hitti frú Hietala síðar í fangabúðunum. Það var ekki fyrir en hún hafði verið látin laus, sem hún frétti, að maður hennar hefði gefið upp öndina í fangabúðum í Síberíu.

4. kafli bókar Ainos Kuusinens heitir „Japan, brosandí land (1934 –1937)“. Í Japan tók hún að sér störf fyrir leyniþjónustu Rauða hersins, GRÚ, fyrir milligöngu finnskra vina sinna, sem voru háttsettir í Komintern. Átti hún að koma sér sem best fyrir og kynna „góðu fólki“ og bíða frekari fyrirsmæla. Tvisvar fékk hún fyrirsmæli um að koma til víðræðna í Moskvu, en í seinna skiptið hefði hún ekki átt að hlýða. Og þó, hvað átti hún að gera? Að sjálfsgöðu bar hún falsað vegabréf. Í Japan var hún Elísabeth Hansson frá Luleá í Svíþjóð.

Mestan hluta ársins 1937 var ég látin afskiptalaus, en í lok nóvember hringdi til mín sú hin sama þýskumælandi kona, sem tveim árum áður hafði borið mér skilaboðin með skipun um að snúa aftur til Moskvu. Hún bauð mér til kvöldverðar í veitingahúsinu Mitsubishi sama dag, og þangað fór ég og átti ekki von á neinu góðu. Hún skýrði mér frá því yfir matnum, að klukkan átta um kvöldið daginn eftir ætti ég að hitta aðstoðarmann Sorges hjá sömu blómabúð og fyrir tveim árum. Þegar við vorum að borða, settist hjá okkur myndarlegur maður, sem konan kynnti fyrir mér sem manninn sinn. Sorge sagði mér síðar, að hann væri efnafræðingur og hefði einhvers konar sambönd við sendiráð Ráðstjórnarríkjanna.

Ég hitti aðstoðarmanninn á tilsettum tíma við blómabúðina, og hann fór með mig í íbúð Sorges. Það var hryggilegt að sjá hvernig Sorge, sem svo mikla ábyrgð bar, lá á legubekknunum kófdrukinn með nær tóma viskíflösku á borðinu við hliðina á sér. Hann hafði greinilega ekki notað glas. Hann flutti mér nú þau tíðindi, að „okkur öllum“ og honum sjálfum líka, væri skipað að koma til Moskvu, og að ég ætti að fara um Vladívostrók, þar sem ég myndi fá nánari fyrirsmæli. Hann bætti því við, að sér væri ókunnugt um ástæðuna til þessarar skipunar, en að ég þyrfti ekkert að óttast, enda þótt „óheilmæmt andrúmsloft“ ríkti í Moskvu. Hvað hann sjálfan snerti, myndi hann auðvitað hlýða kallinu, ef það væri óhjákvæmilegt, en þegar ég hitti hina háu yfirboðara í Moskvu, skyldi ég skila því til þeirra, að öll hin dýrmætu sambönd, sem hann hefði komið á, myndu glatast, ef hann færi frá Tokíó. Alla vega gæti hann ekki farið fyrir en í apríl næsta ár. Að lokum sagði hann eitt, sem hefði átt að vekja mig til umhugsunar og sem ég hugleiddi oft síðar: „Þér eruð mjög vel gefin kona, og ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei hitt konu sem er jafnskýr í hugsun. En þó er ég greindari en þér!“

Það var ekki fyrir en síðar — og of seint — sem ég skildi hvað hann hafði átt við.

Hann var greindari en ég, af því að hann skynjaði fyrir en ég þá hættu, sem vofði yfir okkur báðum í Moskvu. Hann hafði ekki varað mig beint við, ekki af því að hann væri ef til vill feginn að losna undan þeirri skyldu að vera tengiliður minn, heldur af því að hann gat engum treyst og hlaut að gera ráð fyrir því, að ég kynni við eitthvert tækifæri að nota beina viðvörðun af hans hálfu gegn honum!

Hefði Sorge þá hlýtt skipuninni um að snúa aftur, hefði hann vafalaust verið líflátinn. En þá hefðu líka Ráðstjórnarríkin misst af gagnaöflun sem reyndist þeim ómetanleg í síðari heimsstyrjöldinni, sem skall á tveim árum síðar. Njósnanet það, sem Sorge hafði ofið, náði til æðstu stjórnardeilda í Japan. Upplýsingar hans höfðu þau áhrif, að Ráðstjórnarríkin gátu treyst á hlutleysi Japans fyrst um sinn og beitt öllum hernaðarmætti sínum gegn Þýskalandi 1941. Meðal afreka Sorges eru þau frábærust, að hann gat snemma tilkynnt Kremlverjum, hvenær Hitler myndi hefja innrásina í Ráðstjórnarríkin og einnig hvenær Japanir myndu ráðast gegn Bandaríkjunum. En vanþakklæti eru laun heimsins! Margar upplýsingar, sem Sorge sendi til Moskvu, lögðu menn þar engan trúnað á, og loks létu þeir hann enda líf sitt í japönskum gálga. Hann hefur án efa vonast til þess, að Stalín myndi bjarga honum frá þessum örlögum með því að skipta á honum og japönskum njósnurum, sem handteknir höfðu verið í Ráðstjórnarríkjunum, en hann var látinn eiga sig sjálfur.

Það var ekki fyrir en 1964, að ráðstjórnin tók smám saman að heiðra minningu hans: Látinn var hann sæmdur orðu sem hetja Ráðstjórnarríkjanna, um hann var gerð kvikmynd honum til dýrðar, gata í Moskvu var heitin eftir honum og meira að segja gefið út frímerki í minningu hans. En núna spyr ég sjálfa mig: „Hvort okkar var í rauninni skynsamara?“

Ég átti í miklum vanda í Tokió. Að vísu hafði ég ekkert samband við vini mína í Moskvu, en í blöðunum las ég um hinar hræðilegu hreinsanir, sem geisðu í Ráðstjórnarríkjunum. Myndi ég ekki einnig verða fórnarlamb þeirra, ef ég hlýddi skipuninni? En hvað myndi gerast, ef ég neitaði að snúa aftur? Hvernig gæti ég þá komist undan hefnd ráðstjórnarinnar? Hvar ætti ég að búa? Átti ég að skýra japönskum yfirvöldum frá leyndarmáli Elísabethar Hansson? Ég bjóst ekki við því að þurfa að óttast neitt þess vegna, því að ég hafði ekki aðhafst neitt ólöglegt annað en það að hafa falsað vegabréf. En ég varð að bægja burt þessum hugsunum, því að þá myndi ég bera ábyrgðina, ef Sorge og aðrir starfsmenn leyniþjónustunnar, sem vissu um leyndarmál mitt, lentu í háska vegna uppljóstrunar á mínu rétta nafni.

Það var engin undankomuleið. Finnska máltækið: „Foræði hér, fen þar“ varð nú að áhrínsorðum á mér.“

## Handtakan

Aino Kuusinen fór til Moskvu, þar sem tekið var á móti henni í Hótel Metropol um miðjan desember 1937. Andrúmsloftið í Moskvu var vissulega „óheilmæmt“, eins og Sorge hafði orðað það. Gamli vinur hennar, hjónin Aleksandra og Danko Sapúnov, buðu henni heim til sín á gamlárskvöld. Fjórða manneskjan í hópnum um kvöldið var falleg ballettdansmæ, sem er mjög dögur. Allt í einu brast hún í ofsalegan og örvæntingarfullan grát. Náinn vinur hennar, Willi Mielenz, sem reyndar hafði verið aðstoðarmaður Ainos Kuusinen í Komintern fyrir á árum, hafði verið handtekinn fyrir nokkrum dögum. Þegar klukkan í Kreml sló tólf, stóðu þau upp og skáluðu fyrir gleðilegu nýári. Danko Sapunoff sagði: „Kæru vinir, látum þetta ár skelfingar enda í þeirri trú og von, að hið nýja ár verði gæfuríkara og að hinir hræðilegu atburðir ársins 1937 megi falla í gleymsku.“

Áður en ég fór að sofa, sat ég nokkra stund í herbergi mínu á Hótel Metropol og reyndi að dreifa áhyggjum mínum og sorgum með því að hugsa um liðin gamlárskvöld í Japan og Bandaríkjunum. Síðan fór ég að háttu og lagðist til svefns. En ég gat ekki sofnað. Hinar hræðilegu frásagnir um handtökur og fangelsanir, sem ég hafði heyrt um kvöldið, héldu fyrir mér vöku. Því var ég enn glaðvakandi 1. janúar 1938 kl. 5 að morgni, þegar barið var að dyrum hjá mér. Ég spurði: „Hver er þar?“ „Herbergisþernan. Gjörið svo vel að opna. Ég er með áríðandi símskeyti til yðar“, svaraði kvenleg rödd.

Ég opnaði dyrnar ofurlítið, en þá var þeim þegar hrundið upp, og tveir ein-kennisklæddir menn stóðu í herberginu.

Þetta voru þá handlangarar Stalíns, og þannig var það sem handtökurnar fóru fram. Eftir stutta ferð nam billinn staðar, mennirnir stukku út og skipuðu mér að koma með. Þeir ýttu mér harkalega inn um dyr og ég var stódd í litlu, dimmu herbergi. Þegar augu mín höfðu vanist myrkrinu, gat ég greint, að margar konur sátu á hækjum sínum umhverfis mig á gólfinu og hölluðust hver upp að annarri. Ég varð að standa upp við vegginn, því að á gólfinu var ekkert rými autt. Ekkert orð var talað, óttinn virtist meira að segja gera öllum erfitt um andardrátt. Ég hafði oft reynt að gera mér í hugarlund hvernig fangelsisklefi liti út, en þetta hafði ég aldrei getað ímyndað mér — enginn staður til setjast, svo að ekki sé talað um að leggja sig og sofa! Og enginn fékk neitt að borða eða drekka. Þetta var nýársdagur minn 1938.

Aino Kuusinen var sótt í gæsluvarðhaldið seint að kvöldi 2. janúar og þá ól hún enn þá von í brjósti, að einhver „misskilningur“ kæmi í ljós. En það var farið með hana í Ljubjanka-fangelsið, þar sem hræðileg reynsla beið hennar. Yfirheyrslurnar fóru alltaf fram að nærturlagi. Sá sem fyrst yfirheyrði hana, byrjaði á því að spyrja: „Vitið þér, hver

er munurinn á borgaralegu réttarfari og okkar?“ Þar sem henni varð svarafátt, sagði hann: „Í borgaralegu réttarfari verður saksóknari ríkisins að sanna sekt hins ákærða, en okkar réttarfar krefst þess, að hinn ákærði sanni, að hann sé saklaus.“ Þegar hún fékk loks að vita, í hverju ákærurnar væru fölgjar, gerðist það þannig, að henni var sýndur skjalastaffi.

Þetta var hið furðulegasta, sem ég hafði nokkurn tíma séð: Þetta var vandlega samið ákæruskjal, ekki gegn mér heldur manningum mínum, Otto Kuusinen, vini Stalíns. Þess var krafist að ég undirritaði skjalið, þar sem ég vissi best allra um hinn glæpsamlega undirróður Ottos gegn Ráðstjórnarríkjunum. Án þess að hika sagði ég, að þessi ákæra væri ósönn og ég myndi aldrei skrifa undir hana.

Eftir að hafa árangurslaust reynt að fá mig til þess með smjæðri og lofordum breytti hann um tón og reyndi að skelfa mig með hræðilegum hótunum og talaði meðal annars um pyntingar. Hann öskraði framan í mig, að þeir vissu það sannanlega, að Kuusinen væri breskur njósari.

Ég stóð fast á neitun minni í öllum yfirheyrslum, og loks var mér hótad því, að ég yrði send til Lefortovo-fangelsisins og jafnframt fékk ég nákvæma lýsingu á því, hvers konar staður það væri. „Skrifið nú undir og þá getið þér farið heim. Annars verðið þér send til Lefortovo, og þaðan komist þér aldrei lifandi.“

Ég lét aldrei undan og eina nóttina sumarið 1938 var mér ýtt inn í þröngan lög-reglubíl og ekið til Lefortovo. Þar var ég lokuð inni í eins manns klefa eftir að hafa verið skipað að afklæðast og fara í rúmið.

Nú verð ég að skrifa það á blað, hvað ég reyndi þessa fyrstu hryllilegu nótt í Leortovo. En enn í dag, eftir nærri þrjátíu ár, er mér varla mögulegt að lýsa því með orðum. Klefinn var þannig úr garði gerður, að allur hávaði barst þangað inn. Ég komst að því síðar, að fyrir neðan klefann væri viðurstyggileg bygging, sem í fegrunarskyni væri kölluð „Yfirheyrsludeild“. Það var pyndingaklefinn. Æðisleg, vart mannleg kvalaóp, hvert svipuhögg á eftir öðru. Gæti nokkurt kvalið dýr í ægilegustu neyð öskrað jafnhryllilega og þessir menn, sem tímum saman urðu að þola svipuhögg, hótanir og formælingar?

Nótt eftir nótt varð ég að vera vitni að þessum ofboðslegu atburðum, sem gerðust aðeins í nokkurra metra fjarlægð frá mér. Frá kl. níu á kvöldin til sex að morgni voru þessi níðingsverk framin fyrir opnum gluggum. Á daginn var hljótt. Þá sváfu böðlarnir.

Í Lefortovo var Aino Kuusinen í eins manns klefa mánuðum saman, og við yfirheyrslurnar, þar sem ýmsum ráðum var beitt til að buga hana, var alltaf sama ákæruskjalið lagt fyrir hana til undirritunar. En hún neitaði alltaf.

Margir fanganna urðu vitfirrtir í einangruninni, og við yfirheyrslu var eitt sinn sagt við mig: „Það er reyndar furðulegt, að þér skuluð ekki missa vitið eins og svo margir aðrir.“

En ég barðist gegn því af öllum kröftum að deyja eða brjálást. Ég vildi lifa, og sú von hélt mér uppi, að sá dagur myndi renna upp, þegar ég kæmist burt úr Ráðstjórnarríkjunum og gæti skýrt frá þeim ofsóknum og kúgunum, sem þeir beittu, sem „kepptu að hinu háleita marki kommúnismans“. Til að ná þessu varð ég að gera allt, sem í mínu valdi stæði, til að halda andlegri og líkamlegri heilsu.“

## Vorkúta

6. kafli bókar Ainos Kuusinens nefnist: „Ferðin til Vorkúta og átta ára þrælkunarvinna“. Vorkúta er við Barentshaf fyrir norðan heimskautsbaug. Hér verður gripið niður í kafllann á nokkrum stöðum:

Ég hafði verið fimmtán mánuði í gæsluvarðhaldi, þegar dyrnar að fangelsisklefanum voru skyndilega opnaðar í apríl 1939. Farið var með um tíu af okkur konunum í örlítið herbergi, þar sem okkur var þjappað saman eins og kindum. Bak við lítið borð sat starfsmaður með blýant í hendi. Hann kallaði upp nöfn okkar eftir röð og sagði: „Skrifið undir hér.“ Þegar röðin kom að mér, rétti hann mér lítinn pappírsmíða, sem ekkert virtist standa á. En síðan sá ég, að hinum megin á miðanum stóð krotað með blýanti: „Mér hefur hér með verið tilkynnt, að ég verði send til átta ára vistar í fjarlægum fangabúðum.“ Þar fyrir neðan stóðu bókstafirnir KRD. Síðar frétti ég, að stafirnir táknuðu „gagnbyltingar-starfsemi“. Á miða annarrar konu stóðu stafirnir KRTD, og t-íð táknaði trotskisma. Ég neitaði að skrifa undir. Þá svaraði maðurinn aðeins: „Það stendur á sama. Þér verðið sendar samt.“ Þannig var ég dæmd án nokkurra málaferla. ...

Eftir tveggja daga ferð var vagn okkar losaður frá lestinni, og verðirnir tilkynntu okkur, að við værum komin til Kotla. Þá vissi ég ekki, hvar Kotla var, en síðar sá ég á landakorti, að þessi borg stendur við fljótið Severnaja Dvína um 500 kílómetra fyrir sunnan þann stað nálægt Arkhangelsk, þar sem fljótið rennur í Hvítahaf. ...

Hin 500 kílómetra langa bátsferð á fljótinu endaði í Arkhangelsk, en þangað komum við undurfagra, bjarta sumarnótt. Meðan íbúarnir sváfu í rúmum sínum, var farið með okkur fangahópin þvert í gegnum borgina til annarrar hafnar, þar sem stórt skip beið okkar.

Við stóðum á hafnarbakkanum og biðum eftir skipun um að fara um borð. Okkur var ljóst, að við yrðum að standa þarna lengi, því að við konurnar 39 vorum aftast í langri röð, en fyrir framan okkur voru hundruð karlfanga. Allt í einu heyrði ég, að einhver úr þeim hópi hrópaði nafn mitt. Mér brá, þegar ég sá gamlan vin minn frá Komintern-dögunum, Þjóðverjann Hugo Eberlein. Hann kom til mín,

og það var greinilegt, að honum var erfitt um gang og virtist allsjúkur orðinn. Þegar ég spurði hann, hvort hann kæmi frá Berlín, svaraði hann: „Nei, frá París.“ (Að boði Kominterns hafði miðstjórn þýska kommúnistaflokksins flutt bækistöðvar sínar til Parísar 1934.) Eberlein hafði verið boðaður til Moskvu með símskeyti og verið handtekinn þegar við komu sína á járnbrautarstöðinni. Hann fékk tíma til að bæta þessum orðum við: „Farið nú ekki að gera yður of miklar áhyggjur, og umfram allt grátið aldrei. Þegar við komumst héðan, skulum við sannarlega segja þeim til syndanna.“ Þá þreif varðmaður í hann og fór með hann að nálægu húsi. Við dyrnar veifaði hann enn einu sinni til mín, og þannig varð ég sá af vinum hans, sem sá hann síðast. Fangar, sem voru of veikir fyrir ferðalagið, voru skotnir handan við bygginguna.

Ég spurði flutningsstjórnann um borð, hvað hefði orðið um Þjóðverjann. Hann svaraði mér með hroka í rödd: „Ég get ekki tekið á mig þá ábyrgð að taka mann með, sem er svo veikur. Hann var orðinn svo máttfarinn, að hann hefði áreiðanlega dáðið á leiðinni. Þetta var best fyrir hann. Nú þarf hann ekki að þola erfiði ferðarinnar.“

Hugo Eberlein var fulltrúi þýska kommúnistaflokksins við stofnun Komintern. Hann var vinur og trúnaðarmaður Leníns og giftist fósturdóttur hans, sem var dóttir Inessu Armands. Eberlein var heiðarlegur og hreinskilinn maður, mikill hugsjónamaður. ...

Þegar við komum til Kotsjmes eftir fjögurra mánaða ferð um miðjan ágúst 1939, var lagning járnbrautarinnar milli Kotla og Vorkúta að vísu hafin, en þangað til henni lauk í árslok 1941 fóru allir flutningar fram hina löngu vatna- og sjóleið, sem við fórum.

Vetrarmánuðina 1939-40 var ég í Kotsjmes. Við vorum sambandslaus við umheiminn, en fréttum þó, að ný heimsstyrjöld hefði brotist út og að Ráðstjórnarríkin hefðu ráðist á Finnland. Þá hafði Stalín byrjað að opinbera heiminum áætlanir sínar, sem Otto hafði gefið mér vísbendingar um þegar árið 1935. ...

Við fengum litlar fréttir aðrar en ráðstjórnaráróður af hinum frjálsa heimi, en þó fréttum við stundum eitt og annað. Þannig kynntist ég til dæmis ungum Litháa sumarið 1940, og hann var nýkominn frá heimalandi sínu. Hann hafði frá mörgum átakanlegum hlutum að segja um finnska vetrarstríðið. Þrátt fyrir hugarangur mitt fylltist hjarta mitt djúpu þakklæti og hrifningu. „Í hverju landi, á öllum tungumálum lofa menn hugrekki Finna og föðurlandsást. Finnar hafa einnig gert land sitt frægt, þar sem enginn hafði áður neitt um Finnland vitað.“

Sumarið 1940 var skipaður nýr yfirmaður fangabúðanna í Vorkúta, og mér til undrunar var ég dag nokkurn boðuð á hans fund. Það voru engin tignarmerki á einkennisbúningi hans. Hann heilsaði mér vingjarnlega, spurði um líðan mína og þá kæru, sem ég lá undir, og vildi síðan heyra álit mitt á stríðinu milli Finnlands og Ráðstjórnarríkjanna. Ég svaraði því til, að ég hefði heyrt það í útvarpi, að stríðið hefði skallið á, en vissi ekki neitt frekar um það.

„Er stríðinu lokið?“ spurði ég.

„Já, að vísu. Og hvílíkan endi sem það fékk! Rússar gátu ekkert við Finna ráðið. Ég var yfirforingi á einum hluta vígstöðvanna, svo að ég veit nákvæmlega um þetta. Og síðan kenndu þeir mér um ófarirnar.“ Hann hafði þá verið háttsettur foringi í hernum. Síðan sagði hann mér hreinskilnislega frá reynslu sinni og svaraði fúslega öllum mínum mörgu spurningum. ...

Síðla hausts 1940 hlustuðum við á minnisverða útvarpsendingu þegar Kuusinen flutti ávarp, sem sent var út um allar útvarpsstöðvar Ráðstjórnarríkjanna, þar sem hann óskaði eistnesku þjóðinni til hamingju með það, að hún „hefði verið svo vitur að sækja um upptöku í samfélag Ráðstjórnarríkjanna“. Ég stóð í hnédjúpum snjónum fyrir utan braggann minn undir hátalaranum til að hlusta á þessa ræðu mannsins míns, og reyndi að gera mér í hugarlund tilfinningar hinna eistnesku þjáningarfélaga minna í fangabúðum, þegar þeir heyrðu þessa „kveðju“. ...

Lagning járnbrautarinnar frá Kotla til Vorkúta kostaði þúsundir fanga lífið. Leynilögreglan, sem nú hét NKVD, var verktakinn, en Naftalíj Frenkel verkfræðingur stjórnaði framkvæmdum. Hann hafði hlotið dóm í sambandi við Shakhty-málaferlin 1928. Allt það mál var búið til af öryggislögglunni til að finna blóraböggla vegna fimm ára áætlunarinnar. Ellefu voru dæmdir til dauða, en yfir þrjátíu fengu þunga fangelsisdóma. Frenkel var þó ekki lengi í fangelsi, heldur fékk öryggislögreglan honum það hlutverk á hendur að hafa yfirumsjón með grefti skipaskurðar milli Onega-vatns og Hvítahafs. Frenkel tók verkið fúslega að sér og lofaði að grafa skurðinn á stysta hugsanlegum tíma, svo framarlega sem hann fengi nægan mannafla til ráðstöfunar. GPÚ eins og leynilögreglan hét þá varð við öllum kröfum hans. Það voru aðallega stjórnmalafangar, sem reknir voru til ómannlegrar þrælavinnu við hin hræðilegustu lífsskilyrði, og þeir dóu eins og flugur. Skipaskurðinum, sem kenndur var við Stalín, var lokið á tilsettum tíma árið 1933, og að launum var refsidómur Frenkels felldur niður.

Nú beið Frenkels nýtt og mikið verkefni: framlenging járnbrautarlínunnar Kotlas-Kostsja til Vorkúta. Feikilegt magn af kolum var hægt að vinna úr Vorkúta-námunum, en það vantaði járnbraut. Og síðan var tekið til við hina 400 km löngu járnbrautarlínu yfir óbyggð merski og mýrlendi og Frenkel var falin umsjá verksins. Enn var honum lofaður ótakmarkaður fjöldi verkamanna, og aftur hófst harmleikurinn, sem hafði kostað ótöluleg mannlíf við gröft Stalín-skurðarins. En aðstæðurnar við Vorkúta-járnbrautina voru þó enn frumstæðari og erfiðara að þola heimskautsloftslagið. En hinn mannlegi forði í fangabúðunum í Vorkúta var ótæmandi, svo að hann þurfti ekki að spara! Árum saman stóðu fangarnir kvöld eftir kvöld við talningu í dauðans angist, þegar foringjar verkamannasveitanna birtust með listana og lásu upp nöfn þeirra, sem morguninn eftir átti að senda til járnbrautarvinnu. Þótt ekki væri nokkur einasti möguleiki til undankomu, voru hinir upplesnu menn læstir inni um nóttina. Aðeins lítill hluti þeirra kom aftur, en þeir sem það gerðu, höfðu hörmulegar sögur að segja af örlögum þjáningarbræðra sinna. Matarskammturinn var ótrúlega naumur, og enginn annaðist þá, sem veikir



urðu. Félli einhver af máttleysi og gæti ekki staðið upp aftur af eigin rammleik, var hann hiklaust skotinn.

Frenkel óx sífellt í álitni, og í viðurkenningarskyni fyrir afrek sín sá Stalín hann hershöfðingjanafnbót. En meðal fanganna í Vorkúta var hann hataðasti og fyrirlitnasti maðurinn meðal allra kvalara. ...

Meiri hluti stjórnmalafanganna í Vorkúta voru menntamenn, og Rússarnir á meðal þeirra voru oft flokksfélagar og embættismenn, liðsforingjar, læknar og prófessorar. Margir höfðu verið hermenn, sem Þjóðverjar höfðu tekið til fanga, en í stað þess að stytta sér aldur, eins og þeim var fyrir lagt, ef þeir stæðu andspænis handtöku, höfðu þeir flúið úr fangabúðum Þjóðverja og komist aftur til sinna manna.

Ákæran gegn kvenföngunum var oftast fólgin í því, að þær tilheyrðu „skylduliði föðurlandssvikara“, sem táknaði það, að þær hefðu látið undir höfuð leggjast að skýra yfirvöldunum frá hinni ætluðu gagnbyltingarstarfsemi eiginmanna sinna.

Stríðið varð til þess að frelsa marga fanga og af eftirfarandi ástæðu: Eftir því sem stríðið dróst meira á langinn, þeim mun meiri varð þörfin fyrir liðsforingja, og í Vorkúta voru margir liðsforingjar, sem dæmdir höfðu verið í langa fangabúðavist. Nú voru þeir skyldaðir til herþjónustu aftur. Meðal þeirra var hershöfðinginn og síðar marskálkurinn Rokossovskij, sem hafði verið handtekinn árið 1937, þegar Stalín var að „hreinna“ Rauða herinn. Þegar ég kynntist Rokossovskij í Vorkúta, vann hann sem þjónn hjá einum af ómenntuðustu og ruddalegustu varðmönnum, sem hét Bútshko. Hinar auðmýkjandi skyldur hans voru í því fölgnað að sækja matinn fyrir Bútshko og halda litla húsinu hans heitu og hreinu. Seinna barst sú frétt um búðirnar, að Rokossovski hefði sent Bútshko bréf, og ég sá það með eigin augum, því að konan hans sýndi mér það. Það var stutt og gagnort: „Félagi yfirmaður. Ég hef verið gerður að hershöfðingja. Brauðskammturinn hér er ríkulgur. Yðar fyrrverandi þjónn Rokossovskij.“

Margar þjóðir innan Ráðstjórnarríkjanna áttu fulltrúa í Vorkúta. Þar á meðal var stór hópur Úkraínumanna, sem flestir höfðu verið ákærðir fyrir „borgaralega þjóðernisstefnu“. Þá var þarna fjöldi útlendra fanga frá nær öllum Evrópuþjóðum og mörgum Asíuþjóðum. Sérstaklega var þar mikill fjöldi Eistlendinga, Letta og Litháa, jafnt óbreyttir bændur sem menntamenn. ...

Vegna legunnar norðan heimskautsbaugs stóð veturinn í Vorkúta í 10 mánuði, og þetta óslitna myrkur gerði hið ömurlega líf enn dapurlegra. Snjóstormar og brunagaddur höfðu þar að auki í för með sér fyrir hina illa klæddu fanga auknar þjáningar og oft dauða. Ósjaldan sýndi hitamælirinn 45 stiga frost. Þessi fimbulkuldi var þó ekki eins slæmur og „púrga“, æðislegur snjóstormur, sem gróf braggana í fönn, svo að reykháfarnir einir sáust. Ef spurt er, hvernig það hafi verið hægt að lifa í bröggunum á veturna, þá er svarið þetta: Þar sem nóg var af kolum, slokknandi eldurinn aldrei í ofnunum, og ég minnst þess ekki, að mér hafi nokkurn tíma orðið kalt í bröggunum. ...



Það virðist vera almenn skoðun erlendis, að réttarfarið á keisarátímunum hafi verið alveg eins ómannúðlegt og hið bolsévíska, þar sem hvorugt kerfið hafi veitt neitt réttaröryggi. Ég hef vissulega enga ástæðu til að verja hið keisaralega kerfi, því að mín reynsla af kúgun lands minna hefur ávallt legið þungt á sál minni. En eftir langt nám í „æðstu akademíum kommúnismans“, sem voru auknefni, sem fangelsunum og fangabúðunum voru gefin, hlýt ég óhjákvæmilega að gera samanburð á þessum tveimur kerfum, og hann verður tvímælalaust kommúnismanum í óhag.

Það er staðreynd, að á keisarátímanum voru menn einnig dæmdir án málaferla og sendir í margra mánaða eða ára útleið. En í flestum tilvikum var ekki erfitt að þola útleiðardóm á þeim tímum, og það var vegna þess, að óaskilegum einstaklingum var aðeins vísað úr landi. Útlaginn gat hagað lífi sínu að eigin geðþótta, og ríkið greiddi honum níu gullrúblur á mánuði, sem þá nægðu alveg til að lifa uppi í sveit. Ef þeir áttu fé, þá máttu þeir nota eins mikið af því og þeim sýndist, og þeir voru frjálssir ferða sinna á útleiðarstaðnum og gátu fengið frændur og vini í heimsókn eða tekið fjölskylduna með sér. Þeim var einnig leyfilegt að senda bréf í pósti og panta blöð, bækur og aðra hluti, sem þeir þörfuðust og gátu greitt fyrir.

Glöggd dæmi um þessar aðstæður á keisarátímanum er útleið Leníns í Síberíu, þar sem hann var nær tvö ár (1898-1900) í þorpinu Sjúshenskoje nálægt Mínuúsínsk. Hann bað unnustu sína að koma til sín, og þau giftust í útleiðinni. Margir félagar hans ferðuðust hvað eftir annað til hans til að leita ráða. Hann fór á veiðar og fór um nágrenni þorpsins, eins og honum sýndist. Hann stóð í bréfasamböndum við menn í útlöndum, og hann skrifaði bók sína „Þróun kapitalismans í Rússlandi“ í útleiðinni. Þegar hann síðan sneri þaðan, fékk hann að beiðni sinni vegabréf til að ferðast til útlanda.

Meginmunurinn liggur þó í því, að þeir sem ákærðir voru á keisarátímanum voru sjaldnast dæmdir án ástæðu. Almennu voru dómarnir felldir að undangengnum réttarhöldum, þar sem hinn ákærði hafði kost á að verja sig. Engar fangabúðir voru til, og dauðadómar voru sjaldgæfir og bæði ræddir í blöðum og á öðrum opinberum vettvangi. ...

Flestir gömlu bolsévíkanna sátu um tíma í fangelsum keisarans án þess að týna lífinu, en það gerðu þeir ekki, fyrr en ráðstjórnin snerist gegn þeim. Það er vissulega rétt, að margir þeirra hafa fengið uppreisn æru eftir dauðann, þeir hafa verið „endurreistir“. Sá sem samdi þessa draugalegu setningu hefur nokkuð til síns máls: „Kristnir menn trú á upprisuna eftir dauðann, en kommúnistar trú á uppreist æru eftir dauðann.“

## Dauði Kuusinen

Aino Kuusinen lifði Vorkúta af og var látin laus, gefið „frelsi“. Enn var hún þó handtekin og varpað í Moskvu-fangelsin, sem hún þekkti vel fyrir. Síðan var hún send til Potjma-fangabúðanna í Mið-Rússlandi, þar sem hún varð að dúsa í fjögur ár. Síðan var hún látin

laus 17. október 1955. Hún gerði sér ljóst, að hún myndi ekki fá brottfaraleyfi, meðan maður hennar að lögum, Otto Kuusinen, væri á lífi, en þau höfðu ekki búið saman, eftir að hún fór erinda Kominterns til Bandaríkjanna 1931.

17. maí 1964 dó Otto W. Kuusinen, 84 ára gamall. Daginn eftir var sorgarrönd á öllum Moskvublöðunum, og margar minningargreinar um hann birtust, þar sem hann var umfram allt lofaður sem vinur Leníns og framúrskarandi merkur hugmyndafræðingur flokksins.

Næsta morgun klæddi ég mig vel og settist við gluggann. Ég hafði það á tilfinningunni, að eitthvað merkilegt myndi gerast. Og nákvæmlega klukkan ellefu nam stór, svartur Cadillac-bíll staðar fyrir utan húsið og úr bílnum stigu tveir menn. Ég bar þegar kennsl á annan þeirra, Aleksandr Shelepín, varaforsetisráðherra. Í fylgd með honum var orðum prýddur herforingi.

Shelepín sagði: „Frú Kuusinen, við erum komnir til að fylgja yður til sorgarathafnarinnar, sem þér vitið vafalaust um.“ Ég ætlaði að segja eitthvað, en hann bandaði frá með hendinni. „Við vitum, að þið hafið lifað aðskilin. En þér hljótið að skilja, að skyldunum út á við verður að sinna. Athöfnin hefst eftir klukkutíma. Mætti ég biðja yður um að koma í sorgarklæðum?“ Hann vissi auðvitað ekki, að svarti kjóllinn minn var til reiðu, því að ég vissi betur en margir aðrir um „skyldurnar út á við“.

Þegar ég var komin aftur í herbergi mitt, gat ég loksins greint vonargeisla. Var hið sanna frelsi ef til vill á leið til mín núna, þegar Otto var ekki lengur á lífi? Myndi ég verða laus úr þessari borg, sem ég hataði, laus frá þessu landi, sem hafði fótum troðið mannréttindi mín, laus við ógnir og ótta? Nú, þegar ekkert er eftir af Kuusinen nema nafnið, skyldu þeir þá ekki leyfa mér að fara?

Þannig snerust hugsanir mínar um fortíð, nútíð og framtíð, um mín eigin örlög og meðbræðra minna. Ég hafði lifað Vorkúta af. Ég var á lífi, en Otto var dáinn. Lengi sat ég og reyndi að gera mér endanlega grein fyrir því, hvers konar maður Otto hafði verið. Hann var alla tíð útlendingur í þessu landi. Hann talaði vel sænsku og þýsku og kunni nægilega mikið í frönsku til að geta lesið stjórnmalaskýrslur. En rússneska hans var alltaf óhefluð. Honum tókst aldrei að losna við hinn erlenda hreim, og því var það óhjákvæmilegt, að þeir sem hlustuðu á hann, þekktu útlendinginn í hverju orði.

En var ekki skýringin á hinni frábæru frammistöðu hans einmitt fólgin í þessu? Í nær hálfu öld var Otto Kuusinen ekki aðeins í miðdepli rússneska kommúnistaflokksins, heldur einnig í stjórn Ráðstjórnarríkjanna. Það var út af fyrir sig furðulegt fyrirbæri og afrek að útlendingi skyldi takast að ná einni af ædstu stöðum ríkisins, en hitt var nær óskiljanlegt, hvernig hann gat haldið henni allt til æviloka þrátt fyrir allar umbyltingar.

Hann lifði Stalín og Lenín og var náinn samstarfsmaður beggja, en fyrir Stalín

var hann nær ómissandi. Hann hafði mjög litla þekkingu á erlendum málefnum og stjórnarereindrekstri, en Kuusinen var aftur á móti vel menntaður og fær í þeim efnum. Hann stóð að vissu leyti á bak við Stalín, en það hlutverk átti einkar vel við hann, því að honum var ekki um það gefið að tíunda afrek sín eða þekkingu á opinberum vettvangi.

Í þessu sambandi er eðlilegt, að menn spyrji, hvort Kuusinen hafi þá verið maður sérlega hógvæð og lítillátur. En því verður að svara afdráttarlaust neitandi. Staðreyndin var hið gagnstæða. Hann var haldinn ósedjandi metnaðargirnd, og honum var það fyrir öllu, að óskir hans, skoðanir og áætlanir næðu fram að ganga. Og það tókst honum nær alltaf! En jafnskjótt og hann hafði fengið vilja sínum framgengt, stóð honum alveg á sama, hvort aðrir framkvæmdu hans áætlanir og hlytu viðurkenningu fyrir. Hann hafði lag og vit á því að leggja tillögur sínar þannig fyrir Stalín, að hann yrði sannfærður um, að hinar snjöllu hugmyndir hefðu orðið til í hans eigin höfði.

Hann vildi umfram allt vera álitinn útlendingur, sem stæði utan við allar deilur innan Kremllhringsins og væri ekki hættulegur keppinautur neins. Hann tók eins sjaldan þátt í opinberum móttökum og hátíðahöldum og hann gat, og hann bar aldrei þau tignarmerki ráðstjórnarinnar, sem honum voru veitt, fyrr en daginn sem hann lá á líkbörunum.

Eftir langa íhugun hef ég komist að þeirri niðurstöðu, að lykilinn að persónuleika hans hafi umfram allt verið að finna í hatri hans. Hann var hræðilega bitur út í föðurland sitt, Finnland. Hin misheppnaða bylting kommúnista þar 1918 fylgdi honum alla ævi eins og sár, sem aldrei geta gróid.

Allt bendir til þess, að draumur lífs hans og takmark hafi verið undirokun Finnlands. Enginn vafi er á því, að það hafði verið fyrir áhrif Ottos Kuusínens, að Ráðstjórnarríkin gerðu innrás í Finnland 30. nóvember 1939. Hann vildi snúa aftur til Finnlands undir fána Rauða hersins og ná sér þannig niðri á föðurlandi sínu, sem hafði afneitað honum. Hann ber mikinn hluta ábyrgðarinnar á þrengingum þeim og þjáningum, sem þessi árás olli finnsku þjóðinni. Enginn maður, sem fæðst hefur á finnskri grund, ber aðra eins sök og hann.

Það tók mig marga mánuði að afla mér vegabréfs og annarra nauðsynlegra gagna. Meðal annars notfærði ég mér það, að ég væri fædd í Finnlandi, og að beiðni minni sendi Hertta Kuusinen mér staðfestingu á því á bréfsefni finnska kommúnistaflokksins. Síðla hausts 1964 lagði ég inn umsókn mína, sem hlaut vinsamlega afgreiðslu yfirvalda, og að þrem mánuðum liðnum fékk ég vegabréf og ferðaleyfi, sem átti að gilda í eitt ár. Að kvöldi sama dags tók ég lestina til Lenínsgarðs, og 28. febrúar 1965 fór ég yfir landamærin til Finnlands.

# Skýringar

hreinsunum Stalíns ... 7. bls. Josíf Vissaríanovítsj Dzhúgashvíli, sem kallaði sig Stalín eða Stálmanninn (1878–1953), var frá Georgíu í Kákasus. Hann var bolséviki eins og Lenín og komst smám saman til æðstu valda í Kremlkastala árin eftir valdarán bolsévika 7. nóvember 1917. Gerðist hann miskunnarlaus einræðisherra, sem sveltí milljónir bænda í Úkraínu til bana 1932–1933, þegar þeir tregðuðust við að afhenda ríkinu allar afurðir sínar. Einnig framkvæmdi hann reglulega „hreinsanir“ í kommúnistaflokknum, svo sem í Moskvuréttarhöldunum 1938, sem Halldór K. Laxness varð vitni að og sagði frá af velþóknun í *Gerska æfintýrinu* (Reykjavík: Heimskringla, 1938). Milljónir manna sátu í þrælkunarbúðum hans. Unnið er úr nýjum heimildum um stjórnarfar í ríki Stalíns í Stéphane Courtois (ritstj.): *Svartbók kommúnismans* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009), sem er endurútgæfið í þessari ritröð. Íslenskir kommúnistar harðneituðu hins vegar á sínum tíma öllum óþægilegum staðreyndum um Stalín. Gáfu þeir út lofsamlegar ævisögur hans, *Bóndann í Kreml* eftir Gunnar Benediktsson (Reykjavík: Reykholt, 1945) og *Stalín, 1879–1944* eftir breska kommúnistann J. T. Murphy í þýðingu Sverris Kristjánssonar (Reykjavík, Kristján Júlíusson, 1975). Jóhannes úr Kötlum orti einnig lofkvæði um Stalín. Það varð íslenskum kommúnistum að vonum feikilegt áfall, þegar Níkíta Khrústsjov, leiðtogi kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, viðurkenndi ýmis ódæði Stalíns í leyniræðu 1956. Í erfðaskrá sinni, sem íslenskir kommúnistar kváðu falsaða, lýsti Lenín yfir miklum efasemdum um, að Stalín yrði heppilegur eftirmaður sinn. Ræða Khrústsjovs og erfðaskrá Leníns koma út í einu riti í þessari ritröð.

Ruth Zander ... 7. bls. Nánar segir frá ævi Elinors Lippers í óbirtri ritgerð eftir Hannes H. Gissurason um hana, þar sem er m. a. stuðst við gögn úr skjalasöfnum í Sviss og Bandaríkjunum.

Koestler ... 8. bls. Ungversk-enski rithöfundurinn Arthur Koestler (1905–1983) var ákafur kommúnisti ungur, en tók að efast af alvöru í spænska borgarastríðinu, þegar hann varð vitni að yfirgangi og ofríki kommúnista. Var íslenskur kommúnisti (Þorvaldur Þórarinnsson) langt kominn með að þýða bók hans um borgarastríðið, en hætti við, þegar hann frétti af sinnaskiptum hans. Koestler varð heimskunnur af skáldsögunni *Myrkur um miðjan dag* (Reykjavík: Snælandsútgáfan, 1947), en hún var um Moskvuréttarhöldin 1938. Í árslok 1945 lagði *Morgunblaðið* heila *Lesbók* undir kafla úr greinasafni Koestlers, *Skjaglópnunum og flokksjálknum* (The Yogi and the Commissar), þar sem ástandinu í Ráðstjórnarríkjunum var lýst eftir bestu fáanlegu heimildum. Var þá skammt í bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík. Íslenskir kommúnistar svöruðu í sérstöku blaði gegn Koestler, *Nýrri menningu*, sem þeir dreifðu um alla Reykjavík, og spöruðu ekki heldur stóryrðin í aðalmálgagni sínu, *Þjóðviljanum*. Árið 1950 kom síðan út í þýðingu Hersteins Pálssonar bók, sem Koestler og fleiri skrifuðu í, *Guðinn sem brást* (Reykjavík: Stuðlaberg, 1950). Koestler var fyrstu árin eftir stríð í forystu þeirra evrópsku menntamanna, sem börðust gegn kommúnisma. Erú þrjú ofannefnd rit Koestlers endurbirt í þessari ritröð.

Sidney Hook ... 8. bls. Hann (1902–1989) var bandarískur heimspekingur, sérfróður um Hegel og Marx og próffessor í New York háskóla. Þótt hann væri sósíalisti alla ævi, snerist

hann snemma gegn stalinisma og stóð framarlega í alþjóðlegri baráttu menntamanna gegn kommúnisma.

David Rousset ... 8. bls. Hann (1912–1997) var franskur sósíalisti, sem sat í fangabúðum nasista í stríðinu, en hóf eftir það baráttu fyrir því að upplýsa heiminn líka um fangabúðir kommúnista. Eftir sigur sinn í ársbyrjun 1951 í meiðyrðamáli gegn frönsku kommúnistastímariti efndi hann m. a. til ráðstefnu um fangabúðir kommúnista í Brüssel haustið 1951 og gaf út skýrslu um fangabúðir kínverskra kommúnista 1956.

Henry Wallace ... 8. bls. Hann (1888–1965) var landbúnaðarfræðingur að menntun og landbúnaðarráðherra í ríkisstjórn Franklins D. Roosevelts Bandaríkjaforseta 1933–1940. Hann var varaforseti Roosevelts 1941–1944 og viðskiptaráðherra 1945–1946, en bauð sig fram fyrir svokallaðan Framfaraflokk 1948 og naut þá stuðnings bandarískra kommúnista, enda fór hann ekki dult með samúð sína með Ráðstjórnarríkjunum. Seinna tók hann þó opinberlega afstöðu gegn kommúnistum.

fölnaði upp ... 8. bls. Sjá Marvin Liebman: *Coming Out Conservative: An Autobiography* (San Francisco: Chronicle Books, 1992), 87.–88. bls.

Gardner ... 8. bls. Sjá Martin Gardner: *The Whys of a Philosophical Scrivener* (New York: Quill, 1983), 153.–154. bls.

Regnery ... 8. bls. Sjá Henry Regnery: *Memoirs of a Dissident Publisher* (Chicago: Henry Regnery, 1979), 50. bls.

mörgum öðrum málum ... 8. bls. Bók Lippers kom m. a. út á frönsku hjá Les editions Nagel í París 1950, *Onze ans dans les Bagnes soviétiques*, norsku hjá Bergendahl í Osló 1952, *Elleve år i Sovjets fangeleirer*, ítölsku hjá Nuova Italia í Flórens 1952, *Undici anni nelle prigioni e nei campi di concentramento sovietici*, og á spænsku hjá Fomente Cultura í Valencia 1953, *Once años en las prisiones soviéticas*.

í sumum heimildum ... 9. bls. Sjá m. a. Donald T. og Agnieszka Critchlow: *Enemies of the State. Personal Stories from the Gulag* (Chicago: Ivan R. Dee, 2002), 17. and 20. bls.

Otto V. Kuusinen ... 9. bls. Hann (1881–1964) var bókmenntafræðingur, sem var leiðtogi finnskra jafnaðarmanna og síðar kommúnista, en flúði til Moskvu (eftir viðdvöl í Stokkhólmi) eftir ósigur vinstri manna í borgarstríðinu finnska á útmánuðum 1918. Hann bjó með fjölda kvenna um dagana, en 1936 tók hann saman við armenska konu, honum þrjátíu árum yngri, og bjó með henni til æviloka. Kuusinen gerði enga athugasemd, þegar Stalín lét fangelsa eiginkonu hans og son frá fyrra hjónabandi.

Komintern ... 9. bls. Komintern, Alþjóðasamband kommúnista, var stofnað 1919, og sóttu tveir Íslendingar 2. þing þess 1920, Brynjólfur Bjarnason og Hendrik S. Ottósson. Þar voru Moskvuskilyrðin svokölluðu samþykkt fyrir aðild, en þau leggja meðal annars þá skyldu á aðildarflokka (skv. 3. skilyrði) að stofna ólögleg hliðarsamtök, sem reiðubúin séu til aðgerða, ef og þegar byltingarástand myndast. Ólafur Friðriksson sótti 3. þingið 1921 og 4. þingið 1922. Brynjólfur Bjarnason sótti 5. þingið 1924 og þeir Einar Olgeirsson og Haukur Björnsson 6. þingið 1928. Kommúnistaflokkur Íslands, sem starfaði 1930–1938, átti aðild að

Komintern. Fyrir hönd hans sóttu Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson 7. þingið 1935. Bendir Aino Kuusinen á, að Komintern veitti kommúnistaflokkum riflega fjárhagsaðstoð. Fengu íslenskir kommúnistar margsinnis slíka aðstoð, m. a. fyrir kosningarnar 1937, eins og rakið er í *Íslenskum kommúnistum 1918–1998* eftir Hannes H. Gissurarson (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2011). Eftir að Komintern var lagt niður 1943, tók alþjóðadeild kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna við hlutverki þess, og fengu Sósíalistaflokkurinn og hliðarsamtök hans alls hátt í 500 milljónir kr. á verðlagi ársins 2015 í styrki 1955–1970 eða sem svarar 30 milljónum kr. á ári.

Willi Mielenz ... 9. bls. Hann (1895–1942) var þýskur kommúnisti, sem dvaldist um skeið í Svíþjóð og var mæltur á sænsku. Hann starfaði í leynilegri undirróðursdeild þýska kommúnistaflokksins undir dulnefninu Lorenz, m. a. við að falsa vegabréf. Hann var 1922–1923 og 1924–1929 liðsmaður Kominterns í Moskvu og skrifaðist þaðan iðulega á við íslenska kommúnista og tók saman skýrslur um starfsemi þeirra. Mielenz dvaldist síðan í Þýskalandi allt til valdatöku Hitlers. Hann kom til Íslands í erindum Kominterns sumarið 1932, skömmu fyrir árás kommúnista á bæjarstjórnarfund í Reykjavík 7. júlí. Hann fluttist 1933 til Ráðstjórnarríkjanna, var handtekinn 1938 og dæmdur 1939 í tíu ára þrælkunarvinnu, en tekinn af lífi 1942.

Allan Wallenius ... 9. bls. Hann (1890–1942) var sænskumælandi Finni, sem flúði land eftir borgarastríðið 1918, settist fyrst að í Svíþjóð, en síðan frá 1921 í Moskvu, þar sem hann var bókavörður Kominterns. Hann var ljóðskáld og bókmenntagagnrýnandi og skrifaði m. a. um hina sænsku útgáfu *Söлку Vólku* eftir Halldór K. Laxness. Wallenius var um skeið fulltrúi Íslands í framkvæmdastjórn Kominterns og þekkti marga íslenska kommúnista, m. a. Einar Olgeirsson. Wallenius var handtekinn 1938 og dæmdur 1939 í fimm ára fangabúðavist, en tekinn af lífi 1942.

Signe Sillén ... 9. bls. Hún (1896–1972) var sænskur kommúnisti, gift Hugo Sillén (1892–1971), en hann kom tvisvar til Íslands sem erindreki Kominterns, 1928 og 1930. Hún var erindreki leyniþjónustu Rauða hersins, GRÚ, og sá um að greiða út fjárstyrki til íslenskra kommúnista, eins og Þór Whitehead upplýsti í bókinni *Sovét-Ísland, Óskalandið* (Reykjavík: Ugly, 2010), og voru heimildarmenn hans íslenskir kommúnistar. Í bók Ainos Kuusinen, *Before and After Stalin* (London: Michael Joseph, 1974), 86., 105.–106., 108. og 121. bls., kemur fram, að Signe Sillén sá henni fyrir fölsuðum vegabréfum og fé. Vikið er einnig að njósnum og undirróðri Signe Silléns í bók eftir Niels Erik Rosenfeldt, *Verdensrevolutions generalstab. Komintern og det hemmelige apparat* (København: Gads forlag, 2011).

23 Íslendingar alls ... 10. bls. Eftirfarandi 23 Íslendingar stunduðu nám í leyniskólum Kominterns 1929–1938, eftir því sem næst verður komist (í röð eftir námstíma): Jens Figved, Andrés Straumland, Eyjólfur Árnason, Jafet Ottósson, Þóroddur Guðmundsson, Eggert Þorbjarnarson, Dýrleif Árnadóttir, Haraldur Bjarnason, Gísli Indriðason, Hallgrímur Hallgrímsson, Helgi Guðlaugsson, Angantýr Guðmundsson, Stefán Pjetursson, Kristján Júlíusson, Skafti Einarsson, Lilja Halblaub, Guðrún Rafnsdóttir, Steingrímur Aðalsteinnsson, Jóhannes Jóseppsson, Benjamín Eiríksson, Hjalti Árnason, Elísabet Eiríksdóttir og Ásgeir Blöndal Magnússon. Mynduðu þessir nemendur hinn harða kjarna í Kommúnistaflokknum og síðar Sósíalistaflokknum. Tveir þeirra settust á þing, Steingrímur Aðalsteinnsson og Þóroddur Guðmundsson. Hallgrímur Hallgrímsson barðist í spænska borgarastríðinu. Jón Ólafsson segir í *Kæru félögum* (Reykjavík: Mál og menning, 1999, 52. bls.): „Það er ekki að sjá af þeim

heimildum, sem aðgengilegar eru úr Norðurlandadeildum Lenínskólans og Vesturskólans, að sérstök áhersla hafi verið lögð á praktíska byltingarstarfsemi, svo sem njósnir, undirróður og hvers kyns moldvörpustarfsemi.“ Nægar heimildir eru þó til um, að nemendur voru þjálfaðir í vopnaburði og þeim kenndur undirróður, enda var það beinlínis á stefnuskrá Kominterns, sem rak skólana. Til dæmis sögðust þeir Andrés Straumland (í dagbók sinni), Helgi Guðlaugsson (í samtölum við Ólaf Grím Björnsson) og Benjamín Eiríksson (í bókinni *Benjamín H. J. Eiríksson í stormum sinna tíða*, Reykjavík: Bókafélagið, 1996) allir hafa fengið þjálfun í meðferð skotvopna. Einnig má nefna bók Ainos Kuusinens sjálfur, *Before and After Stalin* (52.–53. bls.): „Námsefnið var meðal annars söguleg efnishyggja, saga hinna ýmsu kommúnistaflokka, lögleg og ólögleg flokksstarfsemi, byltingaraðferðir, notkun dulmáls og þjálfun í öðrum greinum.“ Sbr. einnig áðurnefnda bók eftir Rosenfeldt, *Verdensrevolutionens generalstab. Komintern og det hemmelige apparat* (131. bls.): „Á námskrá voru meðal annars námskeið í marx-lenínisma, stjórnmalahagfræði, þróun hinnar alþjóðlegu verkalyðshreyfingar og sögu Ráðstjórnarríkjanna og kommúnistaflokksins. En einnig voru haldnar skotæfingar og tilsögn veitt í notkun skotvopna, undirróðri, dulmálssendingum og vopnaðri skæruliðastarfsemi.“

Tuure Lehén ... 10. bls. Hann (1893–1976) var sænskumælandi Finni, sem kenndi skipulagningu götuóeirða og verkfalla í leyniskólum Kominterns í Moskvu. Samdi hann um þetta handbókina *Weg zum Sieg* (Leiðina til sigurs, Leningrad 1926) undir dulnefninu Alfred Langer. Lehén tók þátt í spænska borgarastríðinu. Hann var titlaður innanríkisráðherra í hinni skammlifu leppstjórn O. V. Kuusinens í Terijoki 1939–1940 og varð herforingi í Rauða hernum eftir seinni heimsstyrjöld, en sneri síðan til Finnlands og gerðist einn af leiðtogum finnskra kommúnista. Hann var kvæntur Herttu Kuusinen 1922–1933. Þegar *Morgunblaðið* sagði frá bók Lehéns 15. desember 1949 og benti á, að Lehén hefði eflaust kennt íslenskum kommúnistum í leyniskólunum í Moskvu, svaraði *Þjóðviljinn* daginn eftir á forsiðu, að frásögnin væri uppspuni: „Nú er nafn þessa manns ekki rússneskt, heldur sænskt, og um herforingjatígn hans hafa engir heyrt nema þeir fimmtuherdeildarritstjórnir.“

öðrum tungum ... 10. bls. Bók Ainos Kuusinens kom m. a. út á finnsku, *Jumala syöksee enkelinsä: Muistelmat vuosilta 1919–1965* (Helsinki: Otava, 1972), sænsku, *Vi skola nästan alla dö* (Stockholm: Forum, 1972), frönsku, *Quand Dieu renverse son ange* (Paris: Julliard, 1974) og norsku, *Nesten alle skulle dø* (Oslo: Aschehoug, 1974).

Margarete Buber-Neumann ... 10. bls. Hún (1901–1989) var gift þýska kommúnistaleiðtoganum Heinz Neumann (1902–1937). Þau bjuggu um skeið á Hótel Lux í Moskvu eins og Elinor Lipper (Ruth Zander). Heinz Neumann var handtekinn 1937 og skotinn sama ár. Margarete var handtekin árið eftir fyrir að vera „í skylduliði föðurlandssvikara“. Hún var send í þrælkunarbúðir í Karaganda í Kazakhstan, en Stalín afhenti Hitler hana ásamt mörgum öðrum þýskum kommúnistum eftir gríðasáttmálann, sem einræðisherrarnir gerðu 1939. Sat hún í Ravensbrück-fangabúðum nasista fram á vor 1945. Bók hennar frá 1949, *Als Gefangene bei Stalin und Hitler* (Fangi Stalíns og Hitlers), kom út undir heitinu „Konur í einræðisklóm“ hjá Ísafold 1954 og er ein af bókunum í þessari ritröð. Hana þýddi Stefán Pjetursson, sem verið hafði einn af forystumönnum íslenskra kommúnista, en sjálfur komist nálægt vinnubúðavist, þegar hann leyfði sér í námsdvöl í Moskvu að gagnrýna stalinisma. Nánar segir frá Stefáni í *Íslenskum kommúnistum 1918–1998* eftir Hannes H. Gissurarson.

*Appelsínur frá Abkastu* ... 10. bls. Bók Jóns Ólafssonar frá 2012 er um Veru Hertzsch



(1904–1943), sem Benjamín Eiríksson kynntist, á meðan hann stundaði nám í Moskvu 1935–1936. Hún var þýskur kommúnisti, sem fluttist til Ráðstjórnarríkjanna 1927. Maður hennar, Abram Rozenblum, var handtekinn 1936 og skotinn fyrir að vera trotskisti, fylgismaður Levs Trotskíjs, og hún var síðan fangelsuð vorið 1938 fyrir að vera „í skylduliði föðurlandssvikara“. Var Halldór Laxness viðstaddur handtöku hennar, þótt hann segði ekki frá því fyrr en aldarfjórðungi síðar, í *Skáldatíma* (Reykjavík: Helgafell, 1961). Talið er, að barn þeirra Benjamíns, Erla Sólveig, sem fæðst hafði 1937, hafi andast fljótlega eftir handtöku Veru, en sjálf lést hún úr næringarskortu í þrælkunarbúðum í Karaganda. En bók Jóns Ólafssonar um Veru Hertzsch er óáreiðanleg um margt. Jón rekur t. d. í bók sinni bréfaskipti Veru og Benjamíns. Síðasta bréf Veru til Benjamíns var dagsett 8. desember 1937. Þar skrifaði hún: „Greve hefur líka verið handtekin [svo]“. Jón segir síðan (bls. 173), að ekki sé „ljóst hver Greve var“. En Richard Greve (stundum stafsett Grewe) var ristjóri *Deutsche Zentral-Zeitung*, þar sem Vera Hertzsch hafði verið blaðamaður. Hann fæddist í Hamborg 1894, gekk í Kommúnistaflokk Þýskalands 1920 og fluttist til Rússlands 1924. Hann var handtekinn 14. nóvember 1937 og skotinn 25. desember sama ár. Nafn Greves er nefnt í fjölda rita um hreinsanir Stalíns. Sjálfur vitnar Jón Ólafsson í eitt slíkt rit, *Verratene Ideale* (Sviknar hugsjónir, Berlin: Trafo, 2000) eftir Oleg Dehl. Þar er sérstakur kafli um *Deutsche Zentral-Zeitung* með stuttu æviágripi Greves og mynd af honum. Jón skrifar og (bls. 251): „Árið 1949 kom út bókin *11 ár í sovískum fangabúðum* eftir Elinor Lipper. Lipper kom til Moskvu 27 ára gömul árið 1937 í stutta heimsókn.“ Hér eru þrjár villur: Bók Lippers kom fyrst út á þýsku snemma árs 1950 og í ensku þýðingu á Bretlandi það ár, en í Bandaríkjunum árið eftir. Í öðru lagi var Lipper að verða 25 ára, þegar hún kom til Moskvu vorið 1937. Hún var fædd í júlí 1912. Í þriðja lagi fór Lipper ekki til Moskvu í stutta heimsókn, heldur til að vinna í þágu byltingarinnar. Í heimildaskrá er getið bókarinnar *Elf Jahre in Sowjetischen Gefängnissen und Lagern* eftir Lipper, Chicago 1950, hjá Oprecht. Hið rétta er, að þýska bókin kom út hjá Oprecht í Zürich. Hin bandaríska þýðing kom út hjá Henry Regnery í Chicago ári síðar. Í þriðja lagi skrifar Jón um Vetrarstríðið, sem Aino Kuusinen minnst á (bls. 285). „Það var stríð Rússa við Finna en þeir fyrrnefndu réðust yfir landamærin haustið 1939 til að ná af Finnum þeim hluta Karelíu sem hafði fallið þeim í skaut 1918 þegar Finnland varð sjálfstætt ríki.“ En Finnland varð ekki sjálfstætt 1918, heldur 6. desember 1917, og viðurkenndu Kremilverjar sjálfstæði þess strax 18. desember það ár. Borgarastríð var háð í landinu á útmánuðum 1918, en í Tartu 1920 sömdu Finnar við Kremilverja um landamæri ríkjanna. Engin rússnesk svæði (önnur en Petsamo við Íshaf) höfðu heldur „fallið í skaut“ Finna við fullt sjálfstæði. Kremilverjar viðurkenndu í Tartu-samningnum 1920 að langmestu leyti landamærin frá 1809, þegar Finnland gekk undan Svíum og varð stórhertogadæmi, sem lað Rússakeisara. Rússar höfðu þá skilað Finnlandi aftur svæðum í Kirjálalandi (Karelíu), sem þeir höfðu unnið á öndverðri átjándu öld eftir stríð við Svía. Þessi svæði voru byggð Finnum og hluti af Finnlandi nema tímabilið 1721–1809.

NKVD ... 13. bls. Ráðherrar bolsévika nefndust í upphafi þjóðfulltrúar, og þjóðfulltrúaráð innanríkismála gegndi sama hlutverki og innanríkisráðuneyti í öðrum ríkjum. Eftir valdatöku sína 1917 stofnuðu bolsévíkar fyrst leynilögreglu, sem kölluð var Tsjeka. Hún var endurskipulögð 1922 sem GPÚ, síðar OGPÚ, og var deild í þjóðfulltrúaráði innanríkismála, NKVD. Leynilögreglan var síðan aftur endurskipulögð 1934 og gekk eftir það undir sama nafni og stofnunin öll. Þjóðfulltrúaráðin voru lögð niður 1946 og stofnuð ráðuneyti, og var NKVD skipt í innanríkisráðuneytið, MVD, og leynilögreglu, MGB. Þessu var breytt aftur 1953, þegar ráðuneytin tvö voru sameinuð. Þeim var síðan skipt aftur



1954 í MVD, innanríkisráðuneytið, og KGB, leynilögregluna, sem rekin var allt til hruns Ráðstjórnarríkjanna 1991.

Bútyrka ... 13. bls. Í stórhýsi, sem er í laginu eins og kastali og reist var 1879, hefur lengi verið rekið varðhaldsfangelsi í miðborg Moskvu.

Kolyma ... 19. bls. Kolyma er hérað í Norðaustur-Síberíu, sem heitir eftir fljóti á þeim slóðum, og er Magadan þar stærsta borgin, en hana reistu fangar árið 1932. Þar voru reknar einhverjar illræmdustu þrælkunarbúðir kommúnista 1932–1957, og er talið, að hátt í ein milljón manna hafi látið þar lífið. Í bókinni *Kolyma* (New York: Viking, 1978) hélt breski sagnfræðingurinn Robert Conquest því fram, að hlutverk þeirra hefði á fjórða áratug breyst úr vinnubúðum, þar sem áherslan var á gullgröft, í refsí- og jafnvel útrýmingarbúðir.

Dalstroj ... 20. bls. Nafn skipsins var hið sama og stofnunarinnar, sem nýtti auðlindir Kolyma-héraðs.

Elgen ... 22. bls. Orðið merkir „Dauði“ á máli Jakúta, sem eru frumbyggjar á svæðinu. Þetta er þorp í Kolyma.

Túrgenevs ... 25. bls. Ívan Túrgenev (1818–1883) var rússneskur rithöfundur. „Ó, hve rósin er fersk og fögur“ er lausamálsljóð eftir hann í bókinni *Senilia* (Elligliðum). Þar var ort í september 1879 og lýsir manni, sem þjáist einn við kertaljós í kulda, en minnst horfinna sumardaga í rússneskri sveit.

Bænarskráin ... 26. bls. Þessi frásögn varð kveikja að ljóði eftir Andreu Cohen, „Petition“ eða Bænarskrá, sem birtist í tímaritinu *Poetry* (febrúar 2011).

Ívan Níkíshov ... 28. bls. Hann (1894–1956) var bóndasonur, sem gerðist snemma kommúnisti. Hann stjórnaði hreinsunum Stalíns í Azerbajdsjan 1937, var foringi NKVD í Khabarovsk 1938–1939 og forstjóri Dalstroj 1940–1948, þegar hann lét af störfum, ekki síst vegna ásakana um spillingu.

Owen Lattimore ... 29. bls. Hann (1900–1989) ólst upp í Kína, þar sem bandarískir foreldrar hans kenndu ensku. Hann var lengi ritstjóri tímaritsins *Pacific Affairs*. Eftir árás nasista á Ráðstjórnarríkin sumarið 1941 fól Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseti Lattimore að vera sérlegur sendimaður sinn og ráðgjafi hjá Chiang Kai-shek, leiðtoga kínverskra þjóðernissinna, og árið 1944 varð Lattimore yfirmaður Kyrrahafssvæðis upplýsingaskrifstofu Bandaríkjanna. Sakaði rússneskur uppljóstrari, Aleksandr Barmíne, hann um að vera erindreka ráðstjórnarinnar rússnesku. Fleiri báru, að hann væri í laumi kommúnisti. Lattimore var kvaddur til yfirheyrslu fyrir bandarískri þingnefnd 1952, og komst hún að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni, að hann hefði gengið erinda kommúnistaríkja. Lattimore var ákærður fyrir meinsæri, en dómari vísaði málinu frá. Eftir það kenndi Lattimore Asíufræði í Johns Hopkins-háskóla í Bandaríkjunum og Háskólanum í Leeds í Englandi. Sagnfræðingurinn Robert P. Newman hélt því fram í bók um mál Lattimores, *Owen Lattimore and the “Loss” of China* (University of California Press, 1992, 323. og 614. bls.), að hinn bandaríski útgefandi Lippers, Henry Regnery, hafði sett kaflann um Lattimore inn í bók Lippers án samþykkis hennar. Var heimild hans Lattimore sjálfur, sem kvæðst hafa heyrt þetta frá þýska kommúnistaleiðtoganum Ruth Fischer, þegar hann umgekkst hana í París á áttunda áratug. Þetta er þó ólíklegt, því að

Fischer lést 1961. Þótt kaflinn um Lattimore sé ekki í þýsku frumútgáfunni 1950, er hann í bresku útgáfunni, sem kom út sama ár, og síðan aftur í bandarísku útgáfunni 1951. Lipper fór einnig í fyrirlestraferð um Bandaríkin 1951–1952 í boði Regnerys, og er ólíklegt, að hún hefði gert það, hefði hún verið ósátt við kaflann, sem er raunar skrifaður í svipuðum stíl og kaflinn um Henry Wallace.

nauðguðu þeir ... 31. bls. Elinor Lipper var þá þunguð og komin langt á leið, og er það sennilega skýringin á því, ef hún hefur verið látin í friði. Hún eignaðist dóttur á janúar 1947.

Dr. Richard Sorge ... 37. bls. Hann (1895–1944) varð ungur sannfærður kommúnisti, en að skipun leynilögreglu ráðstjórnarinnar villti hann á sér heimildir og gekk í þýska nasistaflokkinn. Hann varð fréttaritari þýskra blaða í Japan 1933, og þar tókst honum að afla margvíslegra upplýsinga fyrir stjórnina í Moskvu, ekki aðeins um það, að nasistar myndu ráðast í júní 1941 á Ráðstjórnarríkin, heldur líka, að Japanir myndu í framhaldinu ekki grípa til aðgerða í Síberíu, en vitneskjan um það gerði Stalín kleift að flytja talsverðan herafra frá Kyrrahafssvæðinu og á vígstöðvarnar í Vestur-Rússlandi. Japanska leynilögreglan handtók Sorge haustið 1941, og var hann hengdur 1944. Út hefur komið á íslensku *Njósnavinn Sorge: Maðurinn sem olli straumhvörfum í heimsstyrjöldinni síðari* (Reykjavík: Iðunn, 1959) eftir Hans Otto Meissner, en hún þýkir ekki að öllu leyti áreiðanleg.

Vorkúta ... 38. bls. Vorkúta er borg í Komi-lýðveldinu og stendur við fljótið Úsa. Þar er einkum stundaður kolagröftur, og voru þar fjölmennustu vinnubúðirnar í hinum evrópska hluta Rússlands.

Potjma ... 38. bls. Búðirnar eru nálægt borginni Temníkov í Mordovíu. Þar voru kvennabúðir, skógi girtar. Enn eru reknar þar fangabúðir.

Enúkídze ... 39. bls. Avel Enúkídze (1877–1937) var frá Georgíu eins og Stalín og einn af forystumönnum bolsévíkaflokksins, en þar sem hann leyfði sér að gagnrýna Stalín, var hann rekinn úr floknum 1935 og handtekinn og skotin 1937.

Lomínadze ... 39. bls. Vissaríon Lomínadze (1897–1935) var frá Georgíu eins og Stalín og gegndi ýmum trúnaðarstörfum þar fyrir bolsévíkaflokkinn, en var vikið úr þeim 1930, eftir að hann gagnrýndi Stalín. Hann stytta sér aldur 1935, svo að Aino Kuusinen hefur ekki rétt fyrir sér um, að Stalín hafi látið drepa hann.

Ordzhoníkídze ... 39. bls. Sergo Ordzhoníkídze (1886–1937) var frá Georgíu eins og Stalín og einn nánasti vinur hans. Hann sat í stjórnmalanefnd kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna frá 1930 og var þjóðfulltrúi (ráðherra) þungaiðnaðarins frá 1932. Óvíst er, hvort hann hefur orðið bráðkvaddur eða stytt sér aldur.

Þýsku stjórnarbyltingu ... 40. bls. Frá þessari misheppnuðu uppreisn í Þýskalandi 1923 segir líka í bókinni *Úr álögum* eftir Jan Valtin, öðru nafni Richard Krebs (Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1941), sem er eitt ritanna í þessari ritröð. Tök Krebs þátt í uppreisninni.

Þjatinískj ... 41. bls. Osíp Þjatinískj (1882–1938) var rússneskur kommúnisti, sem starfaði

frá 1921 fyrir Komintern, en féll í ónáð 1935. Hann var rekinn úr kommúnistaflokki Ráðstjórnarríkjanna 1937, handtekinn, dæmdur til dauða og líflátinn 1938.

Manúílskj ... 41. bls. Dmítríj Manúílskj (1883–1959) var úkraínskur kommúnisti, sem starfaði í Komintern 1924–1934 og var forseti sambandsins 1929–1934.

Lefortovo ... 47. bls. Lefortovo-fangelsið var reist 1881 og stendur í samnefndu hverfi í Moskvu. Í hreinsunum Stalíns var það illræmt fyrir pyndingar, sem þar voru stundaðar.

Hugo Eberlein ... 48. bls. Hann (1887–1941) var einn af forystumönnum Þýska kommúnistaflokksins, en bjó fyrst eftir valdatöku Hitlers 1933 í Frakklandi og fluttist til Rússlands 1936. Þar var hann handtekinn sumarið 1937 og pyndaður vikum saman, en dæmdur 1939 í fimmtán ára þrælkun og sendur til Vorkúta. Hann var ekki skotinn á leiðinni, eins og ráða má af frásögn Ainos Kuusinens, heldur dreginn fyrir dómstól að nýju 1941, dæmdur til dauða og skotinn.

Inessu Armands ... 49. bls. Kona Hugos Eberleins var Inna Armand, dóttir Inessu Armands, sem var byltingarkona af frönskum ættum og ástmær Leníns í mörg ár. Hér er villa í frásögn Ainos Kuusinens leiðrétt: Eberlein var tengdasonur Inessu Armands.

Shakhty-málaferlin ... 50. bls. Þau fóru fram í Donbass 1928, og voru ýmsir verkfræðingar og tæknimenn dæmdir fyrir að hafa stundað skemmdarverk í borginni Shakhtíj í Norður-Kákasus. Missagt er í bók Ainos Kuusinens, að Naftalíj Frenkel hafi tengst þeim.

Naftalíj Frenkel ... 50. bls. Hann (1883–1960) fæddist í Haífa í Ísrael, en fluttist ungur til Rússlands. Hann var sendur 1923 í fangabúðirnar á Solovetskíj-eyjum í Hvítahafi fyrir brask, en honum tókst að breytast úr fanga í fangavörð á undraskjótum tíma, og hann var höfundur matarskammtakerfisins í fangabúðum: Því minni afköst, því minni matarskammtur. Hann naut sérstakrar verndar Stalíns og dó eðlilegum dauðdaga.

Rokossovskj ... 51. bls. Konstantín Rokossovskj á rússnesku eða Rokossowski á pólsku (1896–1968) var fæddur í Póllandi, en barðist í her keisaraveldisins rússneska í fyrri heimsstyrjöld og gekk í bolsévíkaflokkinn 1917. Hann var foringj í Rauða hernum til 1937, þegar hann var handtekinn. Sat hann í fangelsi í Leníngarði til 1940, þegar hann var látinn laus. Eftir það gat hann sér orð sem einn af fræknustu herforingjum Rauða hersins. Að stríði loknu sendu Kremlverjar Rokossovskj til Póllands, en hann talaði þá pólsku með sterkum rússneskum hreim og var mjög óvinsæll. Gegndi hann starfi hermálaráðherra Póllands 1949–1956. Verkalýðsleiðtoginn Guðmundur J. Guðmundsson sagði frá því (Ómar Valdmarsson: *Jakinn í blíðu og stríðu*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1989, 191. bls), þegar hann sótti æskulýðsmót kommúnista í Varsjá sumarið 1955, að honum fannst mikið til um að sjá Rokossovskj einu sinni sitja með honum í áhorfendastúku á íþróttamóti. Ári síðar lét Rokossovskj skjóta á verkamenn í Poznan, sem mótmæltu lökum kjörum, og féllu um sjóttu þeirra. Rokossovskj vildi þá, að Ráðstjórnarríkin gerðu innrás í landið til að berja niður alla andstöðu, en þess í stað var gengið til samninga um, að vinsælli kommúnistar tækju við stjórnartaumum, og Rokossovskj sneri aftur til Rússlands, þar sem hann bar beinin.

# Nafnaskrá

- Arkhangelsk 48  
Armand, Inessa 49  
Auschwitz 30  
Bajaraland 40  
Bandaríkin 8–9, 22, 27, 37, 43, 45–46, 52  
Benjamín Eiríksson 10  
Berlín 7–8, 14, 40–41, 49  
Brüssel 7  
Brynjólfur Bjarnason 10  
Buber-Neumann, Margarete 10  
Búkhta Nakhodka 32  
Búlgaría 40  
Bútshko 51  
Bútyrka 13–15  
Català, Genia 9  
Català, Robert 8  
Dachau 30  
Dalstroj, félag 30  
Dalstroj, skip 20–21  
Danmörk 40  
Dannemann, Vilhelm 7  
Eberlein, Hugo 48–49  
Einar Olgeirsson 10  
Eistland 41, 50  
Elgen 22–24  
Enúkídze, Avel 39  
Finnland 9–10, 38, 49, 54  
Frankfurt am Oder 33  
Frenkel, Naftalíj 50–51  
Gardner, Martin 8  
Georgía 39  
Gorkíj-leikhúsið, Magadan 27  
Grídassova, Aleksandra 28–29  
GPÚ 43, 50  
GRÚ 9, 44–45  
Hamborg 40–41  
Heimstýrjöldin síðari 7, 45, 49  
Helsinki 9  
Hermann Jónasson 10  
Hertzsch, Vera 10  
Hietala, Leevi 43–44  
Hietala, Olga 44  
Hitler, Adolf 7, 10, 45  
Holland 7, 14  
Hook, Sidney 8  
Hôtel Lux 9, 40, 42  
Hôtel Metropol 46  
Hvítahaf 48, 50  
Japan 9, 37, 43–46  
Jón Ólafsson 10  
Kalínin, Míkhail, 42–43  
Kazakhstan 10, 32  
Kákasus 38  
Khabarovsk 33  
Koestler, Arthur 8  
Kolyma 8, 19–21, 23, 25, 27, 29–30  
Komintern 9–10, 39–44, 46, 48–49, 53  
Kotla 48, 50  
Kotsjmes 49  
Kuusinen, Aino 9–10  
Kuusinen, Hertta 10, 54  
Kuusinen, Otto W. 9, 37, 39–43, 47, 49–50, 53–54  
Lattimore, Owen 29–30  
Lefortovo 47  
Lehén, Tuure 10  
Lenín, Vladímír 40–41, 49, 52–53  
Lenínsgarður 41, 43–44, 54  
Leonhard, Wolfgang 10  
Lipper, Elinor 7–10, 17, 31

Ljubjanka 46  
 Lomínadze, Vísaríon 39  
 Magadan 27  
 Manúlskíj, Dmítrij 41  
 Mielenz, Willi 9, 46  
 Mitsubishi (veitingastaður) 44  
 Mínúsínsk 52  
 Moskva 7, 9, 10, 13–14, 15, 17, 24, 31, 37–38, 40–46, 49  
 New York 8, 43  
 Níkíshov, Ívan 28–30  
 Níkolajevna, María 24–25  
 NKVD 9, 13, 27, 50  
 Noregur 40  
 Okhotsk-haf 21  
 Onega 50  
 Ordzhoníkídze, Sergo 39  
 París 49  
 Pétursborg 41  
 Pjatrínskíj, Osíp 41–43  
 Potjma 52  
 Quisling, Vidkun 9  
 Radek, Karl 41  
 Rauði herinn 51, 54  
 Regnery, Henry 8  
 Rokossovskíj, Konstantín 51  
 Rousset, David 8  
 Sakhalín 21  
 Sapúnov, Aleksandra 46  
 Sapúnov, Danko 46  
 Sarola, Leo 9  
 Savonranta 9  
 Severnaja Dvína 48  
 Shakhty-málaferlin 50  
 Shelepín, Aleksandr 52  
 Sillén, Signe 9  
 Sirola, Yrjö 43  
 Síbería 9, 18–19, 21, 29, 44, 52  
 Sjúsenskoje 52  
 Smírnova 15  
 Sorge, Richard 9, 37, 44–46  
 Stalín, Josif 7, 22, 33, 37, 39–40, 46–47, 49, 51, 53–54  
 Stalínsskurðurinn 50  
 Svartahaf 39–40  
 Sveinn Ásgeirsson 10  
 Sviss 7  
 Svíþjóð 40  
 Tallinn 42  
 Terijoki 9  
 Thälmann, Ernst 41  
 Tókíó 44–45  
 Tovstúkha, Ívan 42  
 Trotskíj, Lev 42  
 Túrgenev, Ívan 25  
 Ungverjaland 40  
 Úkraína 25  
 Vetrarstríðið 9  
 Vetterli, Konrad 7  
 Vladívostok 18–20, 32, 44  
 Vorkúta 9, 38, 49–51, 53  
 Wallace, Henry 8, 27–28  
 Wallenius, Allan 9  
 Worcester 43  
 Þýskaland 7, 40–41, 45

## KONUR LÝSA GRIMMD KOMMÚNISTA

Elinor Lipper frá Sviss og Aino Kuusinen frá Finnlandi voru sannfærðir kommúnistar, þegar þær komu til Rússlands eftir byltingu. En í hreinsunum Stalíns 1937-1938 voru þær báðar handteknar og þurftu árum saman að hirst í þrælakistum norðan heimskautsbaugs. Bók Lippers um ellefu ára fangavist hennar vakti mikla athygli, þegar hún kom fyrst út 1950, en þá harðneituðu vestrænir kommúnistar því enn, að þrælkunarbúðir væru reknar í Rússlandi. Minningar Kuusinenens komu út 1972 að henni látinni, en hún hafði verið gift kommúnistaleiðtoganum Otto Kuusinen, samstarfsmanni Stalíns, og unnið fyrir leynipjónustu Rauða hersins, GRÚ. Útdrættirnir hér úr þessum bókum birtust í *Tímanum* 1951, *Vísi* 1953 og *Morgunblaðinu* 1975.

Þrælakistur Stalíns voru ófár í hinu víðfeðma ríki.



Elinor Lipper 1948, þegar hún er nýsloppin úr þrælakistu Stalíns, og 1951, þegar hún hafði gefið út bók um reynslu sína.



Aino Kuusinen, fangi Stalíns í fimmtán ár, og eiginmaður hennar, Otto W. Kuusinen, einn dyggasti þjónn Stalíns alla tíð.

„Það er siðferðileg skylda að heiðra minningu hinna saklausu og nafnlausu fórnarlamba skrímslis, sem hefur reynt kerfisbundið að má þessa minningu út.“

— *Stéphane Courtois prófessor*

EUROPE  
★ AECR-RNH ★  
OF THE VICTIMS

IDDE



Almenna bókafélagið  
[www.rnh.is](http://www.rnh.is)  
[www.bokafelagid.is](http://www.bokafelagid.is)

ISBN 978-9935-469-94-6



9 789935 469946 >